



Skreid er þurrkuð í miklu magni við Krisuvíkurveg. Þessi gamalgróna afurð hefur ekki staðist tímans tönn að ástæðulausu því skreidin er næringarrík og geymist vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ísland niður spillingarlistann

Ísland fellur um sex sæti á lista Transparency International um spillingu og spillingarvitund í 180 ríkjum og dregst enn aftur úr öðrum Norðurlandþjóðum. Mál Samherja í Namibíu eru sögð varpa skugga.

STJÓRNSÝSLA Sigið hefur á ógæfuhliðina fyrir Ísland, sem er nú í sautjándu sæti á lista Transparency International (TI) yfir spillingu og spillingarvitund í 180 ríkjum.

Á árunum fyrir efnahagshrunið trónaði Ísland jafnan á toppi listans ásamt hinum Norðurlöndunum, en lengst hefur mjög á milli Íslands og annarra norræna ríkja á undanförunum árum og Ísland þokast hægt og bitandi niður á við. Í fyrra var Ísland í ellefta sæti og fellur niður um sex sæti milli ára.

Íslandi eru gefin 75 stig í úttekt TI en Danmörk og Nýja-Sjáland, sem



Halldór Auðar Svansson, stjórnarmaður í Íslandsdeild TI

tróna á toppi listans, eru með 88 stig. Í þriðja til sjötta sæti eru Finnland, Singapúr, Svíþjóð og Sviss með 85 stig. Noregur er í sjöunda sæti með 84 stig.

Þess er sérstaklega getið að viðbrögð íslenskra stjórnvalda við COVID-faraldrinum hafi vakið

athygli erlendis. Þá hafi verið tekin framfaraskref í löggjöf, meðal annars um vernd uppljóstrara og gegn hagsmunaaðrekstrum í Stjórnarráði Íslands. Hins vegar hafi mál Samherja í Namibíu varpað skugga og athugasemdir við meðferð mótubrotamála á Íslandi einnig haft áhrif á frammistöðuna.

„Visitalan mælir huglægt mat á spillingu þannig að það þarf ekki að vera algjört samasemmerki milli hennar og raunverulegrar spillingar, enda vandasamt að mæla hana. Það gæti því vel verið að það sé fyrst og fremst meðvitund fólks um spill-

ingu sem hefur verið að breytast frá hruni,“ segir Halldór Auðar Svansson, stjórnarmaður í Íslandsdeild TI. Lögð er töluverð áhersla á heimsfaraldurinn í skýrslu samtakanna nú. Spilling hamli skilvirkum viðbrögðum við COVID-19. Í spilltum ríkjum sé einnig aukin hætta á að mannréttindi séu brotin samhliða þeim aðgerðum sem gripið er til. – aá

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á frettabladid.is

Óttast smit úr sláturúrgangi

UMHVERFISMÁL „Við hörmum þetta og gerum ráð fyrir að bærinn taki þá á sig áhættuna,“ segir Jón Helgi Björnsson á Laxamýri, sem óttast ríðusmit vegna dreifingar gors í Ærvíkurhöfða.



Silja Jóhannesdóttir, formaður framkvæmdaráðs Norðurlþings

„Þegar var búið að veita Kolviði leyfi til skógræktar á Ærvíkurhöfða. Við sáum samlegð í því að nota gorinn frá Norðlenska í því verkefni í samstarfi við Kolvið,“ segir Silja Jóhannesdóttir, formaður framkvæmdaráðs Norðurlþings.

– khg / sjá síðu 4

Nú eru allar
Krónuverslanir
Svansvottaðar!



Pssst ...
kynntu þér
málið betur á
kronan.is

KRONAN



AstraZeneca segjast ekki geta uppfyllt samninga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ESB ýtir á eftir AstraZeneca

COVID-19 Evrópusambandið hefur krafð AstraZeneca um að fá afhenta þá bóluefnisskammta sem samningar segja til um. Lyfjafyrirtækið tilkynnti sambandinu nýlega að því yrðu afhentir 60 prósentum færri skammtar en til stóð á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Að sögn AstraZeneca hafa framleiðsluörðugleikar í verksmiðjum fyrirtækisins í Evrópu orðið til þess að eftirspurn verði ekki annað. Þá segir Evrópusambandið að AstraZeneca eigi að geta nýtt sér verksmiðjur sínar á Bretlandseyjum til að sporna gegn skortinum.

Fleiri fyrirtæki hafa lent í erfiðleikum í framleiðslu. Pfizer og BioNTech frestuðu einnig afhendingu á bóluefnum sínum. Lyfjafyrirtækið Sanofi hefur hins vegar boðið þeim verkmiðju sína í Þýskalandi til afnota svo eftirspurn verði annað.

Evrópusambandið og AstraZeneca munu funda á næstu dögum vegna málsins. – atv

Grímur út um allar trissur



Starfsmenn frá Hreinsitækni í gríð og erg að klófesta grímur í þúsundavís við vindasama Reykjanesbraut í Kópavogi. Þótt andlitsgrímur séu bjargvættir í baráttunni við faraldurinn, reynast þær skaðvaldar í náttúrunni ef þær rata ekki í rétta tunnu að loknum starfsaldri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Fulltrúar vinningskólanna heimsóttu forsetahjónin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bókaormar á Bessastöðum

MENNING Fulltrúar frá vinningskólum í Lestrarkeppni grunnskólanna heimsóttu Bessastaði í gær. Þar veittu forsetahjónin Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reed þeim verðlaun fyrir frábæra frammi-stöðu.

Keppnin stóð yfir frá 18. - 25. janúar. Veitt voru verðlaun til skólanna sem voru í fyrsta sæti í sínum flokki, auk þess að þeir skólar sem lásu mest þvert á flokka þar á eftir fengu viður-

kenningu fyrir frábæran árangur. Skólarnir sem sigruðu sína flokka voru Setbergsskóli, Smáraskóli og Grenivíkurskóli. Skólarnir sem fengu viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur voru Höfðaskóli, Gerðaskóli og Myllubakkaskóli.

Í gögnum frá orðabanka Samróms kemur fram að á meðan keppninni stóð voru lesnar um 790 þúsund setningar frá 6.172 manns fyrir 136 skóla. – atv

Léttir að geta slakað á sóttvarnaaðgerðum

Slakað hefur verið á sóttvarnaaðgerðum á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Skjólgarði á Höfn enda allir íbúar bólusettil. Hjúkrunarstjórinn segir að öllum sé létt og það sé bjartara yfir. Gott sé að taka skref fram á við í faraldrinum.

COVID-19 „Þetta er skref fram á við, stórt skref,“ segir Jóhanna Sigríður Sveinsdóttir, hjúkrunarstjóri Skjólgarðs á Höfn í Hornafirði, en hjúkrunar- og dvalarheimilið slakaði á COVID-hömlum fyrir aðstandendur þótt enn séu í gildi aðrar minna strangar reglur.

Búið er að bólusetja alla íbúa Skjólgarðs í tvígang og var því hægt að rýmka heimsóknarreglur frá og með þriðjudeginum.

Jóhanna segir að ættingjar og vinir þeirra sem dvelja á Skjólgarði hafi tekið þessu fagnandi. Áður hafi þurft að panta tíma, heimsóknin fór fram í sólstofu Skjólgarðs og aðeins einn mátti koma. Það er þó vel passað upp á fjöldatakmarkanir og reglur sóttvarnalæknis. Nú mega tveir koma í einu, heimsóknirnar geta farið fram inni á herbergjum og þarf að bóka tíma.

„Þetta er töluverður munur. Það er þó enn grímuskylda til að verja starfsfólkið mitt en nú er hægt að heimsækja viðkomandi í sínu herbergi. Við vorum smá smeyk við að það myndi koma hér hópur aðstandenda en það var enginn mættur á húninn klukkan átta um morguninn. Þetta gekk vel en ég finn að fólk er ennþá að passa sig.“

Jóhanna segir að enginn heimilismaður Skjólgarðs hafi fengið aukaverkanir af bóluefninu og bólusetningin hafi gengið vel.

„Þetta er töluvert mikill léttir og maður finnur það hjá öllum. Að geta hitt fólk sitt þó það sé með grímu. Þetta léttir líka á starfsfólkinu mínu því það þurfti að vera við símann og bóka heimsóknir. Athuga hvenær síðasti tími væri laus og svo framvegis. Þetta er gott fyrir alla.“

Jóhanna sem tók við starfinu í



Fyrsti Hornfirðingurinn sem fékk COVID-bólusetningu var Ingibjörg Zophaniasardóttir, 97 ára íbúi á Skjólgarði, rétt eftir jól. MYND/HSU HORNAFIRÐI

24

eru á hjúkrunarheimilinu og sex á dvalarheimilinu.

júni í fyrra segir að ótrúlega margt við þessa fyrstu mánuði hafi verið gefandi. Hún hafi lengi rætt um það við manninn sinn að flytja og upplifa ævintýri landsbyggðarinnar.

„Við fengum ekki neitt smit á heimilisfólki, við vorum vel undirbúin og vorum í samstarfi við önnur hjúkrunarheimili á Suðurlandi. Við reyndum að gera okkar besta og hugsa vel um okkar fólk, nýttum okkur tæknina og alls konar,“ segir Jóhanna sem bjó á Höfn í tvö ár í æsku og á þar ættingja.

„Okkur langaði að prófa eitthvað nýtt og ég sé ekki eftir því. Hér er ég alltaf að græða tíma enda minna skutl og minna vesen,“ segir Jóhanna. benediktboas@frettabladid.is

ÚTSALA 20-70%
AFSLÁTTUR*

GÓLPEFNA

ÚTSALA 20-70%
AFSLÁTTUR*

púsundir fermetra af flísum, harðparketi o.fl.

ALUR VINNA

*Gildir frá verðlistaverði

- síðan 1986 -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

ÚTSALA

20-50%

AFSLÁTTUR

BIEBER

Borðstofustóll

20% afsláttur

Útsöluverð
14.320 kr.

Verð áður **17.900 kr.**
Pu leður 2 litir svartur og grár



BORÐSTOFUBORÐ

180 cm stækkanlegt eikarborðstofuborð

20% afsláttur

Útsöluverð
116.720 kr.

Verð áður **145.900 kr.**

LÝKUR Á LAUGARDAG

KOMDU OG GERÐU GÓÐKAUP STRAX Í DAG

Rúmföt -20%	Heilsurúm -20-40%	Sófar -20-50%	Hægindastólar -20%	Gjafavara -20%	Húsgögn -20-50%
----------------	----------------------	------------------	-----------------------	-------------------	--------------------

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Þingkona gæti þurft að víkja fyrir nýjum varaformanni Viðreisnar

STJÓRN MÁL Líklegt er að stillt verði upp á lista Viðreisnar í öllum kjördæmum.

Í Suðvesturkjördæmi verður formaðurinn, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, án efa áfram í forystu. Fyrsti formaður flokksins, Benedikt Jóhannesson, hefur sagst vilja vera í forystu á suðvesturhorninu.

Viðreisn hefur bætt töluvert við sig fylgi í könnunum og gæti því fjölgað þingmönnum. Allir fjórir



Daði Már Kristófersson, hagfræðingur og varaformaður Viðreisnar.

þingmennirnir eru af höfuðborgarsvæðinu; tveir í Kraganum og einn í hvoru Reykjavíkarkjördæminu, þær Hanna Katrín Friðriksson og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir.

Varaformaðurinn Daði Már Kristófersson sækist eflaust eftir forystusæti í Reykjavík og því gæti uppstillinganefnd látið aðra hvora þingkonuna víkja fyrir honum.

Þess má geta að Þorbjörg var í öðru sæti á eftir Þorsteini Vígundssyni fyrir síðustu kosningar.

Regla um fléttulista er við uppstillingu hjá Viðreisn. Einnig er lítið til þess að hafa jafnvægi milli kynja meðal oddvita í kjördæmunum sex.

Í Reykjavík eru María Rut Kristinsdóttir, aðstoðarkona formannsins, Dóra Sif Tynes og Diljá Ámundadóttir orðaðar við framboð. Nokkrir bæjarfulltrúar eru líklegir til að vera á listum á höfuðborgarsvæðinu, þeirra á meðal Karl Pétur Jónsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir og Einar Þorvarðarson.

Viðreisn náði aðeins tveggja til þriggja prósentu fylgi á lands-

byggðinni í síðustu kosningum. Fáir hafa verið nefndir til framboðs þar en Guðmundur Gunnarsson, fyrrverandi bæjarstjóri á Ísafirði, hefur lýst áhuga í Norðvesturkjördæmi.

Talið er að Viðreisn leiti á Suðurnesin eftir forystu í Suðurkjördæmi. Þar eru nefndir Guðbrandur Einarsson, forseti bæjarstjórnar Reykjaneshafnar, og Arnar Páll Guðmundsson formaður kjördæmisfélags flokksins. – að



Þrjú létust í eldsvoðanum mikla á Bræðraborgarstíg. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Reynt á höfnun kyrrsetningar

DÓMSMÁL Fyrrverandi íbúar á Bræðraborgarstíg 1 og aðstandendur þeirra sem létust í brunanum mikla í sumar, fara fram á að ákvörðun sýslumanns um að hafna kyrrsetningarkröfu gegn HD verki verði snúið við. Var málið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

„Fyrir hönd umbjóðenda minna hef ég lagt fram kröfu til héraðsdóms Reykjavíkur um að felld verði úr gildi ákvörðun sýslumanns þar sem kyrrsetningu á eignum var synjað,“ segir Guðbrandur Jóhannesson lögmaður fólksins, sem eru 17 manneskjur talsins.

Við viljum tryggja það eigið fé sem eftir er í félaginu fyrir skaðabótamál sem á eftir að höfða.

Guðbrandur Jóhannesson lögmaður

HD verk seldi nýlega Bræðraborgarstíg 1 og 3 til vistfélagsins Þorpsins sem hyggst rífa rústinarnar og reisa smáíbúðir í staðinn.

Þar sem ekki er hægt að kyrrsetja húsin sem seld eru, er spjótunum beint að öðrum eignum HD verks sem eru þó skuldbætt. „Umbjóðendur mínir vilja með þessari aðgerð tryggja að eignir séu tiltækar, er endanlegur dómur í skaðabótamáli þeirra liggur fyrir,“ segir hann.

Málið er komið í flýtimeðferð og vonast Guðbrandur til að niðurstaða fái á næstu sex vikum. – khg

Óttast riðu frá sláturhúsagori

Sveitarstjórn Norðurþings hefur heimilað að gori úr sláturhúsi Norðlenska verði dreift í Ærvíkurhöfða til uppgræðslu. Bóndinn á Laxamýri lýsir sveitarfélagið ábyrgt, sýkist fé hans af riðu úr úrganginum.

UMHVERFISMÁL Ábúandi á Laxamýri í Norðurþingi óttast riðusmit og ágang fugla vegna dreifingar gors úr sláturhúsi í Ærvíkurhöfða. Skipulags- og framkvæmdaráð mælist til þess að dreifingunni, sem hófst í fyrra, verði haldið áfram í ár og smithætta eigi ekki að geta verið til staðar, sé hún rétt framkvæmd.

„Við hörmum þetta og gerum ráð fyrir að bærin taki þá á sig áhættuna og hugsanlegar skaðabætur verði af þessu tjón,“ segir Jón Helgi Björnsson, bóndi á Laxamýri og forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands.

Í ágúst heimilaði sveitarstjórn kjötvinnslunni Norðlenska að dreifa gori úr sláturtíðinni á Ærvíkurhöfða í landi Saltvíkur sunnan við Húsavík til uppgræðslu. Þar hyggst Kolviður, verkefni Skógræktarinnar og Landverndar, planta 270 þúsund trjáum á fimm árum.

Jón Helgi sendi kvörtun til sveitarstjórnar vegna dreifingarinnar. Hún færi fram í mikilli nálægð við túnin á Laxamýri þar sem er mikið af fé og er heyjað fyrir gripi. „Það er helst riðan sem við erum hrædd við, en líka aðra sjúkdóma,“ segir Jón Helgi. Þá telur Jón Helgi að ásókn fugla, bæði máva og hrafnna, sé óheppileg þar sem dreifingin fari fram nálægt ósum Laxár í Aðaldal.

„Þessi staðsetning verður að teljast furðuleg í ljósi þess hversu mikið land sveitarfélagið á skammt frá sem er ekki nálægt neinum búskap,“ segir Jón Helgi. „Landið sem verði er að dreifa á núna er ekki mjög stórt og getur ekki enst í mörg ár.“

Heimild Norðurþings til dreifingarinnar var háð því að aðeins gori yrði dreift en ekki blóði, byggt á umsögn Matvælastofnunar frá því í júlí. Gorinn sem slíkur er flokkaður eins og annar úrgangur úr



Gori úr sláturtíðinni var dreift yfir Ærvíkurhöfða í haust í því skyni að græða upp skóg á svæðinu. MYND/KK

Það er helst riðan sem við erum hrædd við, en líka aðra sjúkdóma.

Jón Helgi Björnsson, bóndi á Laxamýri



sauðfé og ekki hætta á smiti eins og með blóði. Silja Jóhannesdóttir, formaður skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurþings, segir bæinn hafa fengið ábendingu um að blóð hafi sést á svæðinu og það hafi verið kannað. „Það væri alvarlegt ef ekki væri verið að fara eftir því sem lagt var upp með, en við höfum enga staðfestingu á því í myndaformi eða slíku. Okkar starfsmaður gekk um svæðið og sá ekkert blóð. Við næstu dreifingu verður fylgst vel með þessu,“ segir Silja. Til sé heimild til að stöðva verkefnið ef upp kemur að blóði sé dreift.

Náttúrustofa Norðausturlands hefur fylgst með dreifingunni og tekið eftir ásókn fugla, aðallega máva. En hún sé þó tímabundin og telur ráðið ásoðknina ekki ástæðu til að hætta við verkefnið. Fuglar sækir nú þegar í Laxárvæðið.

„Þegar var búið að veita Kolviði leyfi til skógræktar á Ærvíkurhöfða. Við sáum samlegð í því að nota gorinn frá Norðlenska í því verkefni í samstarfi við Kolvið,“ segir Silja, aðspurð um hvers vegna afskekktari lönd sveitarfélagsins hafi ekki verið valin.

kristinnhaukur@frettabladid.is

JEEP® CHEROKEE

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

ÖFLUG DÍSELVÉL - 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING
SPARNEYTINN - HLAÐINN LÚXUSBÚNAÐI

Helsti staðalbúnaður Jeep® Cherokee Longitude Luxury:

- 2.2 lítra 195 hestafla díselvéll, 9 gíra sjálfskipting
- Jeep Active Drive I Select Terrain með 4 drifstillingum,
- Rafdrifin snertilaus opnun á afturhlara
- Leðurinnrétting
- 8,4" upplýsinga- og snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél með bílastæðaaðstoð
- Hágæða Alpine hljómflyttingskerfi með bassaboxi
- Apple & Android Car Play
- Bluetooth til að streyma tónlist og síma

FRÁBÆRT VERÐ: 7.990.000 KR.

UMBOÐSADILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

VELKOMIN Á HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA Í NETTÓ

KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBLAÐINU

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á netto.is og Facebook-síðu Nettó varðandi leiki og ofurtilboð dagsins á Heilsudögum.



25%
AFSLÁTTUR
AF HEILSU- OG
LÍFSSTÍLSVÖRUM

OFURTILBOÐ - GILDIR ÞENNAN EINA DAG!

Fimmtudagur 28. jan.
Tilboð dagsins

Nano
Prótein
Pönnukökur
Fimm tegundir
180 KR/STK
ÁÐUR: 269 KR/STK

33%
AFSLÁTTUR



50%
AFSLÁTTUR



Vatnsmelóna (kg)

Föstudagur 29. jan.
Tilboð dagsins

Änglamark
Hrískökur
145 KR/PK
ÁÐUR: 289 KR/PK

50%
AFSLÁTTUR



35%
AFSLÁTTUR



Änglamark
Snakk
259 KR/PK
ÁÐUR: 399 KR/PK



50%
AFSLÁTTUR

Bláber (125 g)

Laugardagur 30. jan.
Tilboð dagsins



Isola Mönðlumjólk
Ósæt - 1L
379 KR/STK
ÁÐUR: 549 KR/STK

31%
AFSLÁTTUR

Now D Vitamín
120 geltöflur

928 KR/PK
ÁÐUR: 1.289 KR/PK



28%
AFSLÁTTUR

50%
AFSLÁTTUR



Sellerí (kg)

nettó
Lægra verð - léttari innkaup

NÝTTU ÞÉR VEFVERSLUNINA

ÖLL TILBOÐ Á HEILSUDÖGUM MÁ FINNA Á NETTO.IS



HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGAR NETTÓ STANDA YFIR DAGANA 25. JANÚAR - 7. FEBRÚAR 2021

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandi • Mjódd • Lágmúli • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Íðavelli • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

Ráðherra hafi sleppt að svara kæruneftnd og farið beint í dómssmál

DÓMSMÁL Aðalmeðferð fór fram í máli íslenska ríkisins gegn Hafdisi Helgu Ólafsdóttur í gær. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, stefnir Hafdisi og vill ógilda úrskurð kæruneftndar jafnréttismála um að ráðherrann hafi brotið lög með því að ráða Pál Magnússon sem ráðuneytisstjóra.

Ríkið segir kæruneftndina ekki hafa rannsakað ráðningarferlið

Hvernig er hægt að halda því fram að þessi munur sé smávægilegur?

Hafdis Helga Ólafsdóttir, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu



nægilega vel, en lögmaður Hafdisar segir ráðherrann hafa litið fram hjá nefndinni og farið beint í dómssmál.

„Ráðherra hunsar algjörlega kæruneftndina og svarar henni varla. Nefndin taldi málatilbúnað ráðherra hafa skort verulega á í efnislegum rökstuðningi og ekki var brugðist við fjölda athugasemda kærandsans,“ sagði Áslaug Árnadóttir, lögmaður Hafdisar.

Viðir Smári Peterson, lögmaður íslenska ríkisins, sagði að Páll hefði staðið sig betur í atvinnuviðtalinu. Ekki væri hægt að líta fram hjá huglægu mati nefndar og ráðherra um leiðtogahæfni hans.

Hafdis sagði greinilegan blæbrigðamun í lýsingum hæfnisneftndar. Lítið hafi verið gert úr reynslu hennar í opinberri stjórn-sýslu og rangt farið með hversu

lengi hún hefði starfað hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. „Hún starfaði við opinbera stjórn-sýslu,“ skrifaði nefndin um 25 ára reynslu Hafdisar. „Hann hefur langa reynslu við ábyrgðarmikil stjórn-sýsluverkefni,“ var skrifað um Pál sem hefur meistaraþrófi í opinberri stjórn-sýslu. „Hvernig er hægt að halda því fram að þessi munur sé smávægilegur?“ sagði Hafdis. – illk

Framkvæmdir þriðjungi minni en boðað var

IDNAÐUR Heildarverðmæti opinberra framkvæmda í fyrra var um 29 prósentum minna en boðað var á Útbóðsþingi Samtaka iðnaðarins.

Ný greining SI um verklegar framkvæmdir á árinu verða kynntar á Útbóðsþingi í dag. Þar kynna ellefu fulltrúar opinberra aðila fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir á árinu og fæst því gott yfirlit yfir helstu útbóð ársins.

Helsta ástæða framkvæmdaleyfis í fyrra var auðvitað COVID. Framkvæmdir ISAVIA voru ekki nema fyrir tæpar 200 milljónir króna, en framkvæmdaáætlun félagsins var upp á 21 milljarð króna.

139

milljarða króna hljóða áætlaðar framkvæmdir hins opinbera á þessu ári upp á. Það er 7,4 milljörðum meira en kynnt var í fyrra.

Reykjavíkurborg boðaði framkvæmdir fyrir 19,6 milljarða í fyrra auk 2,5 milljarða króna í fjárfestingaráttak vegna COVID-19. Heildarverðmætið var 21,1 milljarður.

Framkvæmdir Vegagerðarinnar í fyrra voru 7,6 milljörðum króna minni en boðaðar höfðu verið á þinginu. Auk þess voru nánast engar framkvæmdir á vegum Faxaflóahafna og Orku náttúrunnar.

Áætlaðar verklegar framkvæmdir hins opinbera á þessu ári eru samtals 139 milljarðar króna. Það er 7,4 milljörðum meira en kynnt var.

„Mikil uppsöfnuð þörf er fyrir innviðaframkvæmdir víða og henta því framkvæmdirnar vel til að skapa hagkerfinu nauðsynlega viðspyrnu og störf á tímum mikils samdráttar í efnahagslífinu,“ segir í tilkynningu frá Útbóðsþingi Samtaka iðnaðarins. – bb

Segir þvingunaraðgerðir ekki í myndinni vegna leiktækja

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur segir ekki tilefni til þvingunaraðgerða þótt aðalskoðun hafi ekki farið fram. Aðalskoðun ein og sér tryggir ekki öryggi leiksvæða. Aðalskoðun skal fara fram á tólf mánaða fresti samkvæmt reglugerð. Tjáir sig ekki um „róg“ framkvæmdastjóra BSI á Íslandi.

ÖRYGGISMÁL Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, segir ekki tilefni til þvingunaraðgerða þó að aðalskoðun á leiksvæði hafi ekki farið fram.

Aðalskoðun hefur ekki farið fram á leiksvæðum borgarinnar nema í undantekningartilfellum frá 2013. Slík skoðun skal samkvæmt reglugerð fara fram á minnst tólf mánaða fresti. Viðurlög við brotum á reglugerð, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi, geta varðað sektum eða fangelsi.

Árný segir að þó að þvingunaraðgerðum sé ekki beitt sé rekstraraðili minntur á skyldur sínar, svo sem varðandi þann hluta innra eftirlits sem snýr að aðalskoðun.

„Aðalskoðun ein og sér tryggir ekki öryggi á leiksvæðum eins og dæmin sanna. Fagleg úttekkt Heilbrigðiseftirlitsins fer fram árlega og gerðar eru úrbótakröfur eftir tilefni til að tryggja að svæðin séu örugg,“ segir Árný í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

„Eftirlit okkar sýnir að alvarlegum athugasemdum fari fækkandi ár frá ári og það ber að fagna þeim árangri sem hefur náðst í því að auka öryggi barna á leiksvæðum,“ segir Árný. Hún minnir einnig á að rekstrarskoðanir unnar af verkfræðistofum séu framkvæmdar á öllum leiksvæðum borgarinnar allt árið.

Aðspurð að því hvort rétt hafi verið að leggja í breytingar á reglugerð um öryggi leikvalla og leiktækja, þar sem ákvæði er um reglubundna aðalskoðun sem augljóslega sé ekki farið eftir, segir Árný að vissulega hafi sú umræða farið fram.



Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur segir alvarlegum athugasemdum fækka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Það ber að fagna þeim árangri sem hefur náðst í því að auka öryggi barna á leiksvæðum.

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur



Því til stuðnings vísar hún til bréfs Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá árinu 2015 þar sem lagðar eru til breytingar á reglugerðinni varðandi fyrirkomulag aðalskoðana.

„Þar var lagt til að aðalskoðun færi fram áður en leiksvæði er tekið í notkun og síðan á fimm ára fresti eða ef gerðar eru breytingar. Jafnframt var lagt til að afrit af aðalskoðunarskýrslu skuli sent til viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðis eins og sést í meðfylgjandi bréfi til ráðuneytisins, en það er ekki skylda í dag,“ segir Árný.

Þá segist Árný kjósa að tjá sig ekki

um ummæli framkvæmdastjóra BSI á Íslandi sem í Fréttablaðinu í gær sagði Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur horfa fram hjá samræmdum eftirlitskröfum.

Ummæling framkvæmdastjórans lýsir Árný sem örökstuddum rógi. Hún ætli ekki að tjá sig ummælin sem gefi til kynna fáfræði framkvæmdastjórans á störfum heilbrigðisfulltrúa en hvetji Fréttablaðið „til að óska eftir raunhæfum gögnum um hvaða þekkingu hann hafi á heilbrigðiseftirliti til að koma með staðhæfingar eins og fram koma í fréttinni og málaflokknum yfirleitt.“ birnadrofn@frettabladid.is

Fida fékk hvatningarverðlaun FKA

ATVINNULÍF Fida Abu Libdeh, framkvæmdastjóri GeoSilica, hlaut í gær hvatningarviðurkenningu Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) en verðlaunin eru veitt konu í atvinnulífinu fyrir athyglisvert frumkvæði.

Bryndís Brynjólfsson, stofnandi og eigandi tiskuvörverslunarinnar Lindarinnar, hlaut þakkarviðurkenningu FKA fyrir eftirtæktaðan ævistarf sem stjórnandi í atvinnulífinu og María Fjóra Harðardóttir, forstjóri Hrafnistu, hlaut FKA viðurkenninguna 2021 fyrir vel unnin störf í þágu kvenna.

Verðlaunaafhendingunni var sjónvarpað á Hringbraut í gær. Var dómnefnd skipuð sjö einstaklingum úr viðskiptalífinu. Í samtali við Fréttablaðið segir Fida verðlaunin fela í sér bæði mikla viðurkenningu og hvatningu.

„Það er hvetjandi að það sé tekið eftir þeim konum sem hafa lagt eitt-hvað til samfélagsins og sérstaklega konum af erlendum uppruna,“ segir



Verðlaunahafarnir þeir hjá FKA 2021 með Huldu Ragnheiði Árnadóttur, formanni FKA og Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. MYND/ABSEND

Fida, sem fæddist í Palestínu og flutti til Íslands sextán ára gömul.

„Það að fá svona verðlaun blæs í mann auknum krafti og orku til þess að halda áfram að gera það sem að maður er að gera,“ segir Fida. Verðlaunin séu viðurkenning á því

ad konur á Íslandi standi saman og að eftir þeim sé tekið.

„Konur eru beittar misrétti í heiminum og konur af erlendum uppruna eru beittar tvöföldu misrétti. En ef við stöndum saman þá breytum við þessu saman.“ – bdj

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímabantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND · HAFNARTORG · KEFLAVÍK

BIOEFFECT

30 DAY
15%
AFSLÁTTUR
TREATMENT



24.565 kr. (fullt verð 28.900 kr.)

BIOEFFECT fæst í verslunum Hagkaups í Smáralind, Krínglu, Skeiflu, Garðabæ og Akureyri.

BIOEFFECT dagar 28. janúar - 3. febrúar

15% afsláttur af 30 Day Treatment, virkustu EGF húðmeðferðinni
20% afsláttur af vinsælu Imprinting Hydrogel andlitsmöskunum

HAGKAUP
Snyrtivara



Rafbillinn Nissan Ariya.

Framleiða sífelld fleiri rafbíla

JAPAN Japanski bílaframleiðandinn Nissan stefnir á að allir bílar hans verði rafvæddir snemma á næsta áratug.

Nissan segist munu beita sér fyrir nýjungum í rafvæðingu til að ná kolefnishlutleysi fyrirtækisins fyrir árið 2050.

Þá kveðst Toyota stefna á að selja að minnsta kosti 5,5 milljónir rafmagnsbíla, eða um helming af sölu sinni á heimsvísu, árlega eftir 2025. Honda hyggst rafvæða tvo þriðju bíla sinna árið 2030. – atv

Aðstoð send til Palestínu á ný

BANDARÍKIN Bandaríkin hafa heitið að endurvekja aðstoð við Palestínu sem var lögð niður á valdatíma Donalds Trump.

Richard Mills, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, sagði fyrir Öryggisráðinu að Joe Biden Bandaríkjaforseti stýddi tveggja ríkja lausn Ísraels og Palestínu. Mills tók fram að Bandaríkin myndu einnig halda áframhaldandi stuðningi sínum við Ísrael.

Palestinumenn slitu samskiptum við stjórn Trumps árið 2017. – atv

Lúkasjenkó fær ekki að stíga fæti sínum á íslenska grundu

Alexander Lúkasjenkó og 83 aðrir háttsettir Hvít-Rússar mega ekki stíga fæti á íslenska grundu. EES ríkin og þrjú umsóknarríki Evrópusambandsins hafa ákveðið að taka þátt í þvingunaraðgerðum sambandsins gegn Hvíta-Rússlandi eftir vafasamar kosningar og ofbeldi stjórnvalda gegn mótmælendum.

UTANRÍKISMÁL Íslendingar taka þátt í sameiginlegum þvingunum Evrópusambandsins gegn stjórnvöldum í Hvíta-Rússlandi. Í því felst meðal annars að forseti landsins Alexander Lúkasjenkó megi ekki stíga fæti á íslenska grundu.

„Forseti Hvíta-Rússlands er einn þeirra sem landgöngubann nær til og því skal Ísland koma í veg fyrir að hann komi inn í landið eða hafi hér viðkomu,“ segir í svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Önnur ríki sem taka þátt í þvingunaraðgerðunum eru EES-ríkin Noregur og Liechtenstein sem og þrjú umsóknarríki, Norður Makedónía, Svartfjallaland og Albanía. Samkvæmt utanríkisráðuneytinu felast aðgerðirnar í landgöngubanni tiltekinna einstaklinga, frýstingu fjármuna, banni við vissum þjónustuvíðskiptum, vopnasölubanni og sölubanni á búnaði til bælingar innanlands.

Evrópusambandið setti þvinganirnar á í þremur þrepum fyrir júl og ná þær nú til alls 84 háttsettra einstaklinga í hvít-rússneska kerfinu. Meðal annars ráðherra, háttsettra löggæslumanna, herforingja, erindreka, hæstaréttardómara og háttsettra yfirmanna stofnana á borð við ríkissjónvarpið.



Lúkasjenkó svarinn í embætti í kyrrþey eftir mótmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Evrópusambandið hefur þegar lýst því yfir að Lúkasjenkó sé ekki réttkjörinn forseti Hvíta-Rússlands, en hann á að hafa sigrað með rúmlega 80 prósentum atkvæða í ágúst síðastliðnum. Framkvæmd kosninganna hefur verið harðlega gagnrýnd víða um heim og mikil mótmæli brutust út í kjölfar þeirra.

Flúði mótfambjóðandinn Svetlana Tsikhanóskaja til Litháens en Lúkasjenkó var svarinn í embætti í

kyrrþey. Hafa meira að segja Rússar, nánustu bandamenn Lúkasjenkós, viðurkennt að framkvæmd kosninganna hafi ekki verið eins og best verður á kosið.

„Rétt eins og mörg önnur lýðræðisríki bera íslensk stjórnvöld bríður á framkvæmd forsetakosninganna sem fram fóru í Hvíta-Rússlandi í ágúst síðastliðnum og telja þær hvorki hafa farið fram í samræmi við alþjóðlegar skuldbind-

Forseti Hvíta-Rússlands er einn þeirra sem landgöngubann nær til og því skal Ísland koma í veg fyrir að hann komi inn í landið eða hafi hér viðkomu.

Svar utanríkisráðuneytisins

ingar Hvíta-Rússlands né standast viðmið um lýðræði og réttarríki,“ segir í svari utanríkisráðuneytisins.

Einnig var vísað í sameiginlega yfirlýsingu utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna frá því í ágúst um að framganga stjórnvalda í Minsk yrði ekki látin óátalin. Sagði Guðlaugur Þór Þórðarson ráðherra að kúgunin og valdmiðslan væru með ólíkindum.

Hundruð mótmælenda voru handtekin og látin dúsa þröngt. Lýstu margir þeirra pyndingum og ómannúðlegri meðferð af hálfu lögreglunnar og nokkrir létust. Meðal þeirra sem handteknir hafa verið eru um 50 blaðamenn sem voru ekki að taka þátt í mótmælunum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



LAND ROVER Discovery Sport HSE R-dynamic

Nýskr. 11/2019, ekinn 15 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 9.990.000 kr.

Rnr. 147678.



JAGUAR F-PACE 180D

Nýskr. 9/2018, ekinn 21 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 8.190.000 kr.

Rnr. 420565.



RANGE ROVER VOGUE TDV6

Nýskr. 7/2015, ekinn 58 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 12.890.000 kr.

Rnr. 420564.



LAND ROVER Discovery 5 SE

Nýskr. 5/2019, ekinn 32 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 10.890.000 kr.

Rnr. 420562.



JAGUAR E-PACE SE 150D

Nýskr. 11/2019, ekinn 11 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 7.890.000 kr.

Rnr. 147607.



JAGUAR I-PACE S EV400

Nýskr. 1/2020, ekinn 11 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

Verð 9.690.000 kr.

Rnr. 147748.


APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkarí – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálslí 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

UPPGJÖR

JÓNS ÁSGEIRS



**KEMUR Í
VERSLANIR
Í DAG!**

Einar Kárason fer yfir makalusa sögu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og byggir frásögnina á samtölum við fjölmarga af samstarfsmönnum hans

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is

MARKAÐURINN

Samstarf í innviðum flýti uppbyggingu

Innviðaupbygging á vegum einkafjárfesta skapar svigrúm fyrir ríkið til að bæta grunnþjónustu og draga úr halla ríkissjóðs. Verkefnið er oft afhent hinu opinbera eftir 20 til 25 ár. Opinberar framkvæmdir fara oft fram úr kostnaðaráætlun en einkaframkvæmdir.

Helgi Vífill
Júlíusson

helgivifill@frettabladid.is



Lífeyrissjóðum hefur ekki boðist tækifæri til að taka þátt í innviðaupbyggingu hér á landi og því hafa ýmsir þeirra fjárfest í erlendum innviðasjóðum. Áhugi er fyrir hendi hjá fjárfestum að taka þátt í slíkri uppbyggingu hérlendis og mögulega væri það tækifæri til að laða að erlenda fjárfesta. Þetta segir Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, í samtali við Fréttablaðið.

Hún segir að með samstarfi í innviðaupbyggingu (e. public-private partnership, PPP) geti stjórnvöld veitt minni fjármunum í slík verkefni og við það skapist svigrúm til að bæta í grunnþjónustu og draga úr halla ríkissjóðs. Fram hefur komið í fjölmiðlum að áætlað er að ríkið verði rekið með 320 milljarða króna halla sem rekja má til COVID-19.

Að auki er nefnt í skoðun sem Viðskiptaráð tók saman að slíkt samstarf flýti fyrir nauðsynlegri og arðbærri uppbyggingu, auki framleiðslugetu hagkerfisins og bæti lífskjör.

Dæmi um innviðafjárfestingar er vegagerð, til dæmis tvöföldun Hvalfjarðarganga; flugvellir og má nefna stækkun Leifstjóðvar sem dæmi; íþróttamannvirki á borð við nýja Laugardalshöll og uppbyggingu spítala og hjúkrunarheimila. Eins má nefna vindorkuver, uppbyggingu dreifikerfa og sæstrengi.

Fram kemur í skoðuninni að rökin að hið opinbera eigi að annast framkvæmdir vegna þess að því bjóðist bestu kjörin á lánunum, séu veik. Stæðu þau á traustum grunni myndi það hafa í för með sér að ríkið ætti ætíð að fjármagna framkvæmdir. Ríkið njóti bestu kjaranna vegna þess að skatt-

greiðendur beri ótakmarkaða ábyrgð á skuldunum og ríkið, sem er útgefandi peninganna, getur ekki orðið gjaldþrota í eigin mynt. „Þannig segja fjármögnunarkjör ríkisins lítið sem ekkert um hversu hagkvæmt það er að hið opinbera standi í innviðaförum,“ segir Viðskiptaráð.

Ókostir opinberra innviðaförum séu meðal annars að þær fari oft fram úr kostnaðaráætlun en einkaframkvæmdir. „Þrýstingur á verktaka að halda sér innan tíma- og kostnaðaráætlana er oft en ekki minni, þegar verkefni er á ábyrgð hins opinbera. Þetta er meðal annars vegna þess að hið opinbera er almennt minna háð arðsemi en einkaáðilar,“ segir Viðskiptaráð sem nefnir einnig aðra ókosti eins og seinagang og takmarkað svigrúm til fjárfestinga vegna krafna um útgjöld til annarra málaflokka.

„Ef verkefni fjármögnuð af hinu opinbera fara fram úr kostnaðaráætlun kemur það fyrir eða síðar niður á almenningi, annað hvort með aukinni skattbyrði eða skerðingu á opinberri þjónustu, nema hvort tveggja sé,“ segir í skoðuninni.


Dæmigerð uppbygging samvinnuverkefna er á þá vegu að samið er til 20 til 25 ára þar sem andlag framkvæmdanna er að fullu í eigu einkaaðilanna. Þannig er hönnun, framkvæmd, rekstur og viðhald á herðum einkaaðila og að samningstíma loknum er eignin afhent hinu opinbera, ýmist gjaldfrjálst eða gegn fyrir fram ákveðnum skilmálum. Dæmi um slíkan samning eru Hvalfjarðargöngin sem afhent voru ríkinu skuldlaust árið 2018, 20 árum eftir opnun ganganna. Svanhildur Hólm segir að það verkefni hafi tekist vel.

Viðskiptaráð áréttar í skýrslunni að Vaðlaheidargöng séu ekki samvinnuverkefni „þar sem ríkið kom að nær allri fjármögnun þeirra, bæði með hlutfé og lánveitingum.“



Dæmi um innviðafjárfestingu væri íþróttamannvirki á borð við nýja Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Dregið hefur úr fjárfestingu hins opinbera



Aukin fjárfesting í innviðum stytta biðina eftir hagvaxtarskeiði

Viðskiptaráð segir að efnahagslegra áhrifa kórónaveirunnar muni gæta áfram eftir að bóluþvingunum lýkur. Aukin innviðafjárfesting gæti gegnt lykhillutverki við að stytta atrennuna í nýtt hagvaxtarskeið.

Á árunum 2000-2009 var opinber fjárfesting að meðaltali 5,1 prósent af landsframleiðslu en í kjölfar fjármálakreppunnar dró verulega úr og var hún að meðaltali 3,3 prósent á árunum 2010-2019. Af þessu má lauslega áætla að uppsöfnuð fjárfestingarþörf í innviðum sé tæplega 460 milljarðar króna. „Þannig hafa fjármunir hins opinbera í innviðum á mann rýrnað um tæp 5 prósent á síðustu tíu árum og eru nú á svipuðum stað og þeir voru 2003.“

Í ljósi þessa og skorts á fjárfestingu almennt er ljóst að finna þarf leiðir til að auka innviðafjárfestingu og það í mun meira mæli en ráða má af spám og áætlunum stjórnvalda,“ segir í skoðun Viðskiptaráðs.

Tólf prósent ávöxtun að meðaltali í fjórtán ár

Ávöxtun lífeyrissjóða í Ástralíu af því að fjárfesta í innviðasjóðum nam tólf prósentum á ári á tímabilinu 1997 til 2011. Á fyrstu sjö árunum var ávöxtunin að meðaltali tíu prósent á ári.

Lífeyrissjóðir í Kanada fjárfesta í meira mæli beint í innviðum en ekki í gegnum innviðasjóði eins og tíðkast í Ástralíu. Dæmi um slíkar fjárfestingar eru eignarhlutir kanadíska lífeyris-

sjóðsins OOTP í flugvöllum víða í Evrópu, þar með talið Kasturp í Danmörku. Greining Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) frá árinu 2013, leiddi í ljós að meirihluti fjárfestinganna hefði gengið vel og sumar skilað ávöxtun yfir markmið. „Yfirleitt hefur reynslan verið sú að tekjuáætlanir standast, en óvænt vandamál í samskiptum við verktaka og stjórnvöld geta aukið

kostnað, sem dregur úr ávöxtun,“ segir Viðskiptaráð.

Fjárfestingarþörf íslenskra lífeyrissjóða er um 350 milljarðar króna á ári, en fjárfestingarkostir hér á landi eru takmarkaðir. Viðskiptaráð segir að það væri skynsamlegt að fjölga innlendum fjárfestingarkostum fyrir sjóðina og þeir kæmu í auknum mæli að uppbyggingu innviða. „Sparnaður landsmanna myndi þannig

fjármagna mikilvæga innviði og njóta ávöxtunar af uppbyggingunni í stað þess að fjármögnun fari, þegar upp er staðið, öll í gegnum skattkerfið.“

Fjárfestingar í innviðum eru iðulega stórar á sniðum og til langs tíma og henta því vel lífeyrissjóðum sem vilja binda fé sitt í langan tíma og fá fremur örugga og stöðuga ávöxtun, segir í skoðun Viðskiptaráðs.

Stóraukið flæði inn á hlutabréfamarkaðinn í desember

Innflæði í hlutabréfasjóði og blandaða sjóði var jákvætt um nær 7,8 milljarða króna í desember. Þar af var flæðið inn í hlutabréfasjóði jákvætt um tæplega 5 milljarða króna og í blandaða sjóði um 2,8 milljarða króna.


Á síðustu sjö mánuðum hefur verið samfellt innflæði í hlutabréfasjóði. Ef horft er aftur til ársbyrjunar nemur uppsafnað innflæði í hlutabréfasjóði, að frádregnu útlæði, um 6,9 milljörðum króna en til samanburðar nam fjárhæðin 1,8 milljörðum árið 2019.

Álika þróun má sjá í blönduðu sjóðunum þar sem nettó innflæðið nam um 6,7 milljörðum króna á árinu 2019.

7,8
milljarðar króna var nettó innflæði fjármagns í hlutabréfasjóði og blandaða sjóði í desembermánuði.

Innflæði í sjóðina skilaði sér í stóraukinni veltu á hlutabréfamarkaði, en í desember var veltuhæsti mánuður frá hrúni að undanskildum febrúar 2017, sem var

Nettó flæði í hlutabréfasjóði



óvenju veltumikill vegna kaupa erlendra fjárfesta í Marel. Heildarveltan í desember nam 78 milljörðum króna.

Mogens Gunnar Mogensen, forstöðumaður hlutabréfastýringar hjá Íslandssjóðum, sagði í samtali við Markaðinn í desember að almenningur væri að fjárfesta í auknum mæli í hlutabréfum.

„Við gerum ráð fyrir áframhaldandi innflæði á hlutabréfamarkað á næsta ári í ljósi lægra vaxtastigs í landinu. Vextir eru lágir og til lengri tíma munu þeir haldast lægri en áður hefur þekkt. Almennur og aðrir fjárfestar munu því í ríkari mæli færa fé úr lágvaxtaeignum yfir í áhættumeiri eignir eins og hlutabréf, til að reyna að tryggja sér

ásættanlega ávöxtun,“ sagði hann.


Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði í viðtali sem birt var í Markaðinum í gær að eitt af stóru úrlausnarefnum næstu ára væri að fá sparnað landsmanna í meira mæli inn á verðbréfamarkaðinn.

„Við eigum að taka varfærin en ákveðin skref í þá veru að fólk fari að taka ákvarðanir sjálft um sparnað sinn og verði um leið meiri þátttakendur þegar kemur að fjárfestingu og uppbyggingu í atvinnulífnum. Þessi miðlun sparnaðar, sem hefur haldist mjög hárfær eftir bankahrunið, og fjárfestingar, á eftir að reynast mjög stór þáttur í því hvernig við munum styðja við hagvöxt á Íslandi í framtíðinni,“ segir Lilja. – þfh

ÁLALIND 18-20 - KÓPAVOGUR



Domusnova kynnir einstaklega fallegt og vandað fjölbýli að Álalind 18-20. Íbúðirnar eru 2-4 herbergja, alls 57 íbúðir með sameiginlegum bílakjallara.



Stærð íbúða er frá 51.8-203.6 m² - Verð frá 43.490.00 kr.



Ólafur Sævarsson
olafur@domusnova.is
Sími: 820 0303



Vilborg Gunnarsdóttir
vilborg@domusnova.is
Sími: 891 8660



Nadia Katrin Banine
nadia@domusnova.is
Sími: 692 5002



Björgvin Þór Rúnarsson
bjorgvin@domusnova.is
Sími: 855 1544

Sýnum samdægurs
Bókaðu skoðun

Afhending í maí 2021

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN
DOMUSNOVA
Fasteignasala



Horft inn litríkt Hvannagil sem einnig skartar birki og tærri bergvatnsá.
MYND/ÓMB

Fallið í stafi í litagili

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Stafafellsfjöll kallast fjallgarðar og dalir upp af Lóni við austanverðan Vatnajökul, á svæði sem á síðari árum er oftast kallað Lónsöræfi. Þetta er eitt stærsta friðland á Íslandi, alls 320 km² að flatarmáli, og ótvírætt náttúruverla á heimsmælikvarða. Stafafellsfjöll eru nefnd eftir jörðinni Stafafelli, sem er frá fornu fari sú stærsta í Lóni með fjölda hjáleiga og kirkju. Heiti þessara litríku fjalla minnir á orðtakið „að falla í stafi“, því að allir sem koma í Stafafellsfjöll hrifast af fegurðinni. Litadýrð Stafafellsfjalla tengist líparíti, súru gosbergi, sem einnig hefur verið kallað ljósgrýti og er að finna í miklum mæli í fjöllum á Viknaslóðum og Torfajökulssvæðinu. Auk þess skarta Stafafellsfjöll holufyllingum eins og kvarsí og geislasteinum, sem auka á mikilfengleika þeirra. Hreindýrum bregður fyrir en oftast sauðfé, sem kann vel við sig í birkiskógi sem víða teygir sig inn í gil og grasbala eins og við Smiðjunes. Þar er snoturt og vel fallið tjaldstæði, en einnig má gista á Stafafelli.

Frá Smiðjunesi býðst fjöldi skemmtilegra gönguleiða, til dæmis að Austurskógi. Þaðan má halda áfram göngunni að Illakambi og Múla-skála sem liggur í hjarta Lónsöræfa. Stytttri ganga liggur inn í Hvannagil sem er eitt litríkasta gil á Íslandi. Gengið er frá Smiðjunesi að mynni gilsins við Hvannagilshnútu, en einnig má aka þangað. Síðan tekur við þægileg ganga inn gilið sem smám saman þrengist. Á leiðinni blasa við litríkar bergmyndanir en stiklað er á steinum yfir á sem liggur eftir gilsbotninum. Loks virðist sem Hvannagil taki skyndilega enda, en þá birtist á vinstri hönd eins konar afdalur undir hliðum sérlega litríks Melrakkafells. Til að ná sem bestu útsýni er haldið upp brekkur hægra megin árinna og sést þá í tröllvaxinn bergstand innar í afdalnum. Um er að ræða leifar berggangs, en þeir liggja þarna víða þvert á árfarvegi og torvelða göngu eftir þeim. Þarna eru tilkomumikil gljúfur en með því að ganga upp með ánni má komast yfir hana. Síðan má ganga með fram ánni hinum megin aftur niður í Hvannagil. Þessi krókur er erfiðisins virði því þarna birtist fjöldi fossa sem annars eru í feluleik og minnir litadýrðin á björtum degi helst á olíumálverk.

Þarna geta skriður verið lausar undir fæti og því sjálfsagt að notast við göngustafi svo ekki verði slys þegar fallið er í stafi.



Fókus á hjarta landsins



Innst í Hvannagili er fallegur svartur bergstandur umkringdur litríkum líparitskriðum. MYND/TG



Melrakkafell í Hvannagili minnir einna helst á olíumálverk. MYND/ÓMB

Sírius 
Súkkulaðirúsínur

ALLTAF JAFN GÓÐAR!



Sírius súkkulaðirúsínur með ekta rjómasúkkulaði frá Nóa Sírius.


NÓI SÍRÍUS

Afneitunin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Einhverjir þingmenn, aðallega á vinstri vængnum, lifa í þeim misskilningi að það sé hlutverk þeirra að ala þjóðina upp og beita hana hörku hagi hún sér ekki sómasamlega. Ein birtingarmynd þessa er frumvarp sem Rósa Björk Brynjólfsdóttir, áður Vinstri græn en nú Samfylkingarkona, hefur lagt fram ásamt fleiri þingmönnum, en þar á að gera það refsivert að afneita Helförinni. Tveggja ára fangelsi gæti beðið þess sem það gerir.

Nú er það svo að fólk hefur alls konar skoðanir, sumar eru súrrandi vitlausar og misþjóða skynsemi annarra. Sá sem heldur því fram að Helförin sé tilbúningur lifir ekki í raunveruleikanum og er að afneita einni blóðugustu staðreynd mannkyns-sögunnar. En á sú skoðun sjálfkrafa að kalla yfir hann refsingu? Það er erfitt að kinka kröftuglega kalli við því.

Áðurnefnt frumvarp ber vott um ákaft daður við refsigleði, en þingmennirnir sem styðja það telja sig örugglega vera í leiðangri sem byggist á því að gera heiminn betri. Til að svo geti orðið telja þeir að gera þurfi fleira en gott þykir. Það þarf að hafa uppi á þeim sem eru illa þenkjandi eða fáfróðir og refsa þeim í þeirri von að þeir sjái að sér. Refsingunni er ætlað að bæta þá. Þetta minnir nokkuð á söguna þekktu um föðurinn sem hýddi son sinn rækilega og sagði við hann: „Ég finn miklu meira til en þú.“

Í þessum efnunum er fræðsla mun skynsamlegri og mannúðlegri leið en hörð refsing sem oft gerir lítið annað en að herða þann sem fyrir henni verður. Ef við byrjum á annað borð að refsa þeim sem afneita Helförinni þurfum við þá ekki að horfa víðar? Hvað með þá sem segja brandara um minnihlutahópa, á ekki að hafa uppi á þeim og refsa þeim fyrir ósmekklega kinnigáfu? Hvað með netsóðana sem ganga lausir og hatast við allt og alla, eiga þeir virkilega að sleppa og fá óáreitir að hella ómurlegum skoðunum sínum yfir landslýð? Og hvað með Útvarp Sögu, sem er í gangi allan sólarhringinn, verður ekki að loka henni? Verður ekki að fara að ganga hraustlega til verks og útrýma ósömanum hvar sem hann fyrirfinnst?

Við erum komin á hættulegan stað þegar við erum farin að spyrja hvaða skoðun hverju sinni sé svo vitlaus eða hættuleg að hún kalli á refsingu. Miklu brýnni spurning er hvort það sé yfirleitt réttlætunlegt að refsa fólki fyrir skoðanir sínar og hóta því frelsisviptingu og fangelsi.

Stundum hefur verið ástæða til að andvarpa yfir Þírötum, en svo koma þær stundir, eins og núna, að ástæða er til að klappa þá upp. Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, hefur talað rösklega gegn frumvarpinu um að refsivert verði að afneita Helförinni og segir mistök að berjast gegn nýfasisma með þessum hætti og telur það engu skila. Félagar hans í Þírötum hljóta að vera sama sinnis, eins og vonandi þingmenn fleiri flokka.

Það boðar ekki gott að leggja í baráttu fyrir betri heimi með refsigleðina að sínu aðalvopni. Því miður virðist góða fólkinu í Samfylkingunni fyrirmunnað að skilja það.



Það boðar ekki gott að leggja í baráttu fyrir betri heimi með refsigleðina að sínu aðalvopni.

Halldór



Frá degi til dags

Marshall-aðstoðin

Fréttablaðið greindi frá því í fyrradag að Róbert Marshall, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar og fyrrverandi alþingismaður, væri að ihuga að gefa kost á sér í forvali Vinstri grænna í Reykjavík fyrir næstu þingkosningar. Alveg óvitlaust í ljósi þess að kannanir benda til þess að VG veiti ekkert af allri þeirri hjálp sem í boði er. Lönd í Evrópu gerðu sér að góðu aðstoð frá Bandaríkjunum, kennda við utanríkisráðherrann George Marshall, til þess að reisa sig úr rústum seinni heimsstyrjaldarinnar og vel má vera að með aðstoð Róberts Marshall geti vinstri hreyfingin græna hrist af sér lamandi krumblur heimsfaraldursins og samstarfsins við Sjálfstæðisflokkinn.

Málsvörn á heimavelli

Umtöluð og umdeild Málsvörn Jóns Ásgeirs Jóhannessonar kemur út í dag og Jón Ásgeir mun ætla að fagna bæði útgáfunni og afmæli sínu á 101 hóteli í dag en þótt þjóðskrá skrái Jón til afmælis í gær þá er réttur fæðingardagur hans 28. janúar. Fjöldamörk sóttvarna verða vitaskuld virt en örfáir vel valdir gestir munu hafa fengið boð í hófið sem er haldið á heimavelli þar sem Ingibjörg Pálmadóttir, eiginkona Jóns Ásgeirs, hannaði hótelið sem hún á.

toti@frettabladid.is

Við þurfum á öllu að halda



Kolbeinn Öttrsson
Öttróppé
þingmaður
Vinstri grænna

Kapítalisminn kom okkur á þann stað að framtíð okkar er óviss. Með sífelld meiri framleiðslu og neyslu, með það að markmiði að vaxa í sífellu með sem lægstum tilkostnaði, höfum við búið til vanda sem ógnar sjálfri tilvist okkar. Við þurfum að berjast gegn loftslagsvánni með öllum tiltækum ráðum. Getur kapítalisminn orðið hluti af þeirri lausn?

Við vanda af þessari stærðargráðu þarf lausnir sem eru þvert á þau kerfi sem komu okkur hingað. Í stað markaðarinnar þurfum við kannski samhæft skipulag sem aðeins stjórnvöld eru hæf um, eða grasrót einstaklinga óháð markaði. En þó við sláum baráttunni við kapítalismann ekki á frest eignum við að nýta hann til að berjast gegn loftslagsvánni. Ef ekki má hefjast handa fyrr en kapítalisminn hefur verið lagður að velli, er ég hræddur um að það verði of seint. Kapítalisminn mun selja okkur reipið í gálgann sinn, sagði Lenín jú. Við þurfum á öllu að halda í baráttunni.

Á að meta lánsúmsókn fyrirtækis sem framleiðir vörur sem nýtast í baráttunni gegn loftslagsvánni á sama hátt og frá fyrirtæki sem framleiðir vörur sem vinna gegn loftslagsmarkmiðum? Á framleiðsla sem eykur við loftslagsvána yfir höfuð að fá lána-fyrirgreiðslu? Er hægt að setja sömu kröfur um hagkvæmni og aró á starfsemi sem er hluti af lausninni gegn loftslagsvandinum? Má slík starfsemi skila tapi eftir hefðbundnum skilgreiningum hagfræðinnar, því samfélagslegur ávinningur er svo mikill?

Þessum spurningum og fleiri þarf að svara. Hvernig nýtist fjármálakerfið í baráttunni við loftslagsvána? Getur fjármálakerfið verið grænt? Fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir hafa þurft að setjast yfir það hvaða áhrif loftslagsváin hefur á útlánastarfsemi sem og hvaða áhrif lánastofnanirnar geta haft á loftslagsvána.

Í dag, klukkan 12.15, verður fundi um málið streymt á Facebook-síðu minni. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, og Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, ræða við mig. Þar munu þessar spurningar og fleiri koma upp. Ég hvet öll til að mæta.



Er hægt að setja sömu kröfur um hagkvæmni og aró á starfsemi sem er hluti af lausninni gegn loftslagsvandinum?

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá GEZE
Þýsk gæðavara.

JARN & GLER
Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

AF KÖGUNARHÓLI

Virki eða óvirki þjóðareign



Þorsteinn Pálsson

Eftir samtöl forsætisráðherra í þrjú ár við formenn annarra flokka stendur VG eitt að flutningi stjórnarskráfrumvarps. Forsætisráðherra fékk í byrjun samstöðu um það verklag að ræða afmörkuð svið stjórnarskrárinnar og að flutt yrðu sérstök frumvörp um hvert og eitt þeirra. Jafnframt var sagt að frumvörpin yrðu annað hvort flutt í sátt eða með auknum meirihluta.

Þegar formaður Viðreisnar lýsti yfir því á liðnu hausti að flokkur hennar gæti stutt þrjú af frumvörpunum fjórum, en ekki óvirkt auðlindaákvæði, virðist VG hafa brugðið á það ráð að breyta áður umsömdu verklagi.

Þá var afráðið að hafna meðflutningi annarra flokka og flytja breytingatillögurnar í einu frumvarpi. Þingmönnum er þannig stílt upp við vegg: Annað hvort að samþykkja alla efnisþættina eða engan.

Samstarfsflokkar VG virðast styðja frumvarpið en vilja ekki eða fá ekki að flytja það. Meðan VG vill ekki heldur mynda meirihluta um breytingarnar án annars þeirra eða beggja, lítur þetta allt út eins og leikaraskapur.

Hvers vegna?

Hvers vegna vill VG ekki fá meðflutningsmenn?

Hvers vegna notar VG þingskapatækni til að útiloka þá, sem ekki geta stutt óvirka þjóðareign auðlinda, frá því að styðja aðra þætti tillagnanna?

Hvers vegna stendur VG ekki við upphaflegt samkomulag um að fjölþjóðasamvinna og úrslitavald kjósenda í þeim efnunum verði einn af efnisþáttum breytinganna?

Hvers vegna sniðgengur VG viðtækt og vandað almenningssamráð að mestu?

Hvers vegna lætur VG endataflið um sjálfa stjórnarskrána líta út eins og refsák?

Geirnegla óvirka þjóðareign

Breytingatillögurnar um framkvæmdavalið og forsetann eru hófsamar og til bóta. Afnam Landsdóms er mikilvægt uppgjör við pólitíska misbeitingu. Kaflarnir um íslenska tungu og umhverfis- og náttúruvernd eru þarfir og til ítrekunar á viðhorfum, sem almenn sátt er um.

Pólitíkin snýst fyrst og fremst um auðlindaákvæðið. VG segir að hugtakið þjóðareign komist nú í stjórnarskrá. Það er rétt. Efnislega er þetta bara sama ákvæðið og staðið hefur í fyrstu grein fiskveiðistjórnarlaganna í þrjátíu ár. Það breytir því engu.

Um sjálft hugtakið hefur aldrei verið ágreiningur. Deilurnar hafa staðið um inntak þess. Á það að vera virkt eða óvirkt?

Í dag er nýtingarrétturinn afturkallanlegur að formi til en gildir í reynd í ótakmarkaðan tíma. Lilja Rafney Magnúsdóttir þingmaður VG hefur lýst því svo að hann erfist til eilífðar.

Nú ætlar hún og VG að geirnegla þessa óvirku þjóðareign í stjórnarskrá.

Engar breytingar um fyrirsjáanlega framtíð

Fjórir stjórnarandstöðuflokkar, Samfylking, Viðreisn, Píratar

og Flokkur fólksins hafa á hinn bóginn talið nauðsynlegt að inntak ákvæðis um þjóðareign í stjórnarskrá verði að fela í sér gjaldtöku fyrir tímabundin afnot auðlinda.

Í tillögu auðlindanefndar Jóhannesar Nordals árið 2000 náðist sátt allra flokka um slíkt inntak þjóðareignarhugtaksins. Sjálfstæðisflokkurinn hljóp fyrstur frá þeirri sátt. Stjórnlagaráð endurspegladi síðar grundvallarhugsunina í tillögu auðlindanefndarinnar.

Með því að festa óbreytt ástand í stjórnarskrá stefnir VG að því að viðhalda óvirkri þjóðareign auðlinda um fyrirsjáanlega framtíð



Með þessu frumvarpi gjörbreytast líka gamlar víglínur. Þannig blasir við að VG og Samfylking verða á andstæðum pólum í lokauppgjöri þjóðarinnar um prinsippmál aldarinnar.

andstætt sáttinni í auðlindanefnd og gegn efnislegum stuðningi þjóðarinnar við tillögu stjórnlagaráðs.

Síðasti möguleiki kjósenda

Atkvæðagreiðsla á Alþingi um stjórnarskráfrumvarpið verður mánuði fyrir kosningar. Það verður hins vegar ekki að stjórnskipunarlögum nema það hljóti samþykki aftur eftir kosningar.

Þegar stjórnarskrárbreytingar eru samþykktar á Alþingi í ágreiningi verða þingskosningarnar að þjóðaratkvæði um þær. Virki eða óvirki þjóðareign á auðlindum getur þannig orðið heitasta mál kosninganna.

Með þessu frumvarpi gjörbreytast líka gamlar víglínur. Þannig blasir við að VG og Samfylking verða á andstæðum pólum í lokauppgjöri þjóðarinnar um prinsippmál aldarinnar.

Þetta galopnar fyrir sókn Samfylkingarinnar í fylgi VG og ætti einnig að styrkja Viðreisn gagnvart jafnarfylgi Framsóknar og Sjálfstæðisflokks. Miðflokkurinn hefur ekki andmælt frumvarpinu en þó varað við því að afgreiða stjórnarskrá í ágreiningi.

Standi VG fast á sínu er ljóst að þetta verður síðasti möguleiki kjósenda til að hafa áhrif á það hvort þjóðareign auðlinda verður virki eða óvirki.

Netapótek Lyfjavers

– Apótekið heim til þín



Í Netapóteki Lyfjavers á lyfjaver.is getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

Mikið úrval af vítamínum og bætiefnum. Lág vöruverð og heimsending um land allt.

Gerðu verðsamanburð!

*Ef verslað er fyrir meira en 5.000 kr.

Kaupauki fylgir*

LYFJAVER

lyfjaver.is

Suðurlandsbraut 22

Útsala

20% afsláttur af öllum skíða- og brettapökkum

Útivistarfatnaður **30-70%**

Skíðafatnaður **30-70%**

Snjóflóðabúnaður **20%**

Klifurbúnaður **30%**

Gönguskór **30-50%**

Svefnpokar **30%**

Bakpokar **30-50%**





FIMMTUDAGUR 28. JANÚAR 2021

Tíska



Þrjár öflugar konur fengu viðurkenningar á FKA-hátíðinni sem fram fór í gærkvöldi. Viðtöl við þær eru á bls. 4 og 6.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Ólafía Kvaran hjúkrunarfræðingur ákvað að byrja að taka inn AstaSkin vegna innihaldsefnanna, sem hún hafði heyrt að væru góð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Húðin á mér er orðin miklu sterkari en áður

Ólafía Kvaran hefur lengi tekið inn AstaSkin frá KeyNatura og árangurinn hefur komið henni á óvart. Hún var oft með sprungnar hendur vegna vinnu en núna eru þær mýkri og húðin öll frísklegri og er loksins farin að taka lit. ➔2

Framhald af forsiðu →

Ólafía er í áskrift að vörum frá KeyNatura og hefur verið það í nokkur ár. Upphaflega ákvað hún að prófa vörurnar vegna þess að þær innihalda astaxanthin. Efni sem þörungar framleiða og rannsóknir hafa sýnt að hafa jákvæð áhrif á húð.

„Ég hafði heyrt að astaxanthin hefði góð áhrif á húðina, hjarta, æðakerfið og ónæmiskerfið, það var það sem heillaði mig fyrst. Ég tók fyrst inn Astaxanthin frá KeyNatura en skipti ég yfir í AstaSkin þar sem það inniheldur astaxanthin plús seramið, kollagen og vítamín. Ég fann mjög fljótlega gríðarlegan mun á húðinni á mér. Ég var oft að glíma við þurrkbletti á andlitinu og var þurr á kroppnum og fótleggjunum, það er bara alveg horfið,“ segir Ólafía.

Ólafía starfar á skurðstofu sem hjúkrunarfræðingur en vegna starfsins þarf hún að þvo og skrúbba sér um hendurnar og spritta mörgum sinnum á dag. Hún var því oft að glíma við sprungna húð á hnúnum.

„Það er ekki vandamál lengur, en það skiptir mig miklu máli sem hjúkrunarfræðingur að vera ekki með sár á höndunum,“ segir hún.

„Ég er mikið í alls konar útvist og hleyp reglulega og mér finnst AstaSkin verja og eða styrkja húðina fyrir sól og kulda. Áður varð ég rauð og bleik eftir útvist og sólina en núna verð ég útitekin og verð meira að segja brún. Ég er venjulega með það ljósa húð að fólk sem sér mig núna verður hissa og segist aldrei hafa séð mig brúna. Mér finnst húðin á mér vera miklu sterkari og hafa meiri ljóma en áður og þola útvistina betur.

Nærir húðina innan frá

Ólafía tekur inn tvö hylki á dag af AstaSkin og skammturinn sem hún fær sendan heim til sin dugar því í mánuð.

„Þessi áskriftarleið er tiltölulega ný hjá þeim. En hún er mjög sniðug og umhverfisvæn. Ég fæ þá ekki senda nýja dollu í hvert sinn heldur bara áfyllingu. Ég held það sé mjög mikilvægt að nota ekki einungis krem heldur næra húðina líka innan frá. Ég trúir því að það sem maður borðar og drekkur skiptir miklu máli fyrir almennt hreysti og sjáist á húðinni. Maður þarf að hugsa vel um sig ekki síst húðina því hún er jú stærsta líffærið,“ segir hún.

Ólafía notar líka AstaEnergy frá KeyNatura fyrir æfingar. „Ég tek það að vísu ekki inn ef ég æfi seinni partinn af því það er koffín í því og það truflar svefninn minn að fá koffín í kroppinn eftir hádegi. En AstaEnergy hefur



Ólafía er mjög ánægð með AstaSkin, en eftir að hún byrjaði að taka hylkin inn finnur hún mikinn mun á húðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Páll er rannsókn- og þróunarstjóri hjá SagaNatura og hefur meðal annars unnið við að þróa AstaSkin svo varan hafi góð áhrif á húðina. MYND/ADSEND



AstaSkin inniheldur náttúruleg efni sem hafa staðfesta virkni á húð.

virkað vel fyrir mig finnst mér. Það flýtir fyrir endurheimt og gefur auka orku og úthald á æfingu.“

Ólafía hafði notað astaxanthin frá erlendum framleiðanda áður en það var framleitt hér.

„Þegar ég byrjaði á því þá var Astaxanthin ekki byrjað í framleiðslu á Íslandi, en ég skipti svo yfir í vörurnar frá KeyNatura þegar byrjað var að framleiða þær. Ég bý í Hafnarfirði og fyrirtækið er þar og ég vildi styrkja íslenska framleiðslu. Mér finnst vörurnar frá þeim líka miklu öflugri og húðin á mér er bara allt önnur en hún var.“

AstaSkin hylkin eru unnin úr íslenskum smáþörungum

Páll Arnar Hauksson er rannsókn- og þróunarstjóri hjá SagaNatura sem framleiðir KeyNatura vörurnar. Hann hefur meðal annars unnið við að þróa AstaSkin.

„Grunnurinn að vörurni er astaxanthin. Það hefur marga þekktu eiginleika sem hafa áhrif á heilsu húðarinnar. Það helsta sem má nefna er vernd gegn útfjölu-bláum geislum, hrukkur verða grynri og það getur komið í veg fyrir myndun á öldrunarblettum,“ segir Páll.

Astaxanthinið í AstaSkin kemur frá smáþörungum sem rækt-

aðir eru í Hafnarfirði í sérstökum innanhússræktunareiningum. Smáþörungar í náttúrunni framleiða astaxanthin til að verja sig gegn óæskilegum áhrifum sólarinnar. Smáþörungarnir sem SagaNatura ræktar eru látnir framleiða astaxanthin með því að lýsa á þá með raflýsingu.

„Þegar smáþörungarnir verða fyrir ljósálagi þá hefst náttúrulegt ferli. Þörungarnir fara í dvalaástand og mynda um leið astaxanthin. Þörungarnir geta svo snúið aftur úr þessu ástandi ef aðstæðurnar verða hagstæðar á ný,“ útskýrir Páll.

Innihaldsefnin eru með staðfesta virkni og vandlega valin

„Þegar við þróuðum AstaSkin þá vildum við búa til vöru sem inniheldur astaxanthin en er líka með fleiri innihaldsefnum sem hafa góð áhrif á húðina. Helstu innihaldsefnin í AstaSkin, eru auk astaxanthins, seramið og kollagen,“ segir Páll.

„Seramiðið er frá Japan og er unnið úr hrísgrjónum, en seramið er mikilvægur hluti af húðfitunni. Eftir því sem við eldumst verður breyting á útliti, samsetningu og uppbyggingu húðarinnar. Ein helsta breytingin sem verður er hægfare minnkun á seramiði í húðinni sem dregur úr vatnsheldni hennar og gerir hana næmari fyrir ertingu og roða. Seramið er nauðsynlegt fyrir húðina til að koma í veg fyrir vatnstap úr ysta húðlaginu. Við notum seramið í okkar vörur sem eru klínískt rannsókuð og það hefur verið sýnt fram á að þau draga úr vatnstapi í húðinni,“ útskýrir hann.

„Þriðja mikilvæga innihaldsefnið í AstaSkin er kollagen sem gefur okkur nauðsynleg uppbyggingarefni fyrir húð. Auk þess inniheldur AstaSkin öflugra fjölvítamínblöndu. Það eru sjö vítamín í vörurni, meðal annars C-vítamín sem er nauðsynlegt fyrir kollagenmyndun í húðinni. Við veljum vandlega innihaldsefni í vörurnar sem við vitum að hafa staðfesta virkni.“

SKRÁÐU ÞIG Í ÁSKRIFT

15% AFSLÁTTUR OG FRÍ HEIMSENDING

HRINGDU Í SÍMA 562-8872

ÍSLENSKT

gjafnd svo vel

KEY
not
uro

Einnig hægt að skrá sig í áskrift á KeyNatura.is



**MEIRI
ÚTSALA
50%-70%**



TRAUST Í 80 ÁR



Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Langar að gera enn betur

María Fjóra Harðardóttir, forstjóri Hrafnistu, er handhafi FKA-viðurkenningarinnar 2021. Hún segir hana gefa sér aukið sjálfstraust í starfi forstjóra og að FKA veiti konum tengsl og tækifæri.

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Viðurkenningin kom sannarlega á óvart. Fyrst hugsaði ég: „Af hverju ég?“ Því það koma svo margar aðrar konur til greina, en svo hugsaði ég: „Af hverju ekki ég?““ segir María Fjóra Harðardóttir, forstjóri Hrafnistu.

María Fjóra er handhafi FKA-viðurkenningarinnar sem er veitt fyrir vel unnin störf í þágu atvinnureksturs kvenna, eða þeim sem hafa verið konum í atvinnulífinu sérstök hvatning eða fyrirmynd.

Hún segir viðurkenninguna gefa sér aukið sjálfstraust í starfi forstjóra.

„Í vinkvennahópnum heyrir maður stundum að konur séu oft haldnar einhvers konar full-komunnarárættu og því tregari til að taka að sér verkefni nema að þekkja alla þætti þess aftur á bak og áfram, en svo áttar maður sig á að það er ekki nauðsynlegt og að við getum þetta alveg. Ég er því auðmjúk og þakklát fyrir viðurkenningu FKA og ekki síður fyrir stjórn Sjómannaáráðs fyrir að hafa trú á mér. Ég hef oft dáðst að FKA því við konur þurfum að örva tengslanet okkar því það skilar tækifærum og góðu starfi. Ég er svo auðvitað ekki ein í mínu starfi, ég er heppin að hafa með mér sterkan, stóran og kraftmikinn hóp starfsfólks sem gengur í takt og brennur fyrir starfi sínu.“

Forstjóri sem er jafningi

María Fjóra er fyrsta konan sem gegnir starfi forstjóra Hrafnistuheimilanna, en frá árinu 2015 var hún framkvæmdastjóri heilbrigðissviðs Hrafnistu.

„Hér áður fyrr hugsaði ég stundum með mér hvort ég gæti mögulega orðið forstjóri, en gerði mér þó aldrei í hugarlund að það yrði að veruleika. Það er mikilvægt að konur telji sér ekki trú um að bara karlar geti stýrt fyrirtækjum og stofnunum, við getum það líka, jafnvel þótt við kunnum ekki öll



María Fjóra vissi alltaf að hún vildi vinna við hjúkrun. Hún er fyrsti kvenkyns forstjóri Hrafnistu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

störfin um borð. Ég er meðvituð um að hafa afar hæft fólk með mér og ég veit að ég hef ekki sömu hæfileika og til dæmis fjármála-stjórinn, mannauðsstjórinn, rekstrarstjórinn, forstöðumenn eða aðrir stjórnendur Hrafnistu. Ég get hins vegar látið fólk mitt fá ulpu, vettlinga og húfu til að stýra þessu í höfn með mér. Það er enda mikilvægt að treysta fólkinu sem maður starfar með og ég vona að ég hafi rutt svolitla braut til að fleiri konur sjái sér fært að starfa við stjórnvölinn, en því miður virðast færri konur en karlar fá að stíga upp sem stjórnendur. Ég get samt ekki sagt það um Hrafnistu þar sem konur eru í meirihluta í stjórnun, en mikilvægt er að viðhafa jafnvægi og ekki gott að hafa of fáa karlmenn heldur. Við

þurfum að hjálpast að við að laga það. Konur eiga hiklaust að sækja í stjórnunarstörf en þau snúast um að velja með sér rétta fólk; ekki að kunna allt sjálfar.“

Fær starfsfólk til að blómstra

Sem stjórnandi segist María Fjóra líta á sig sem jafningja.

„Ég trúi á þjónandi leiðsögn. Mitt hlutverk er að sjá til þess að þessi flotti hópur geti unnið sin sértæku störf, með því að ryðja veginn með tólum og tækjum og hverju sem til þarf. Þar er ég. Ég trúi ekki á gagnsemi þess að stjórna yfir öxlina á fólk, heldur er mitt hlutverk að greina hæfni, áhuga og styrkleika og vera ekki að setja sérfræðing í verkefni sem hann hefur litla þekkingu á, eða áhuga, það er ekki sanngjarnt. Mitt

hlutverk er einnig að skapa sýn með hópnum um hvert við viljum fara og halda stefnunni ásamt því að velja inn hæft fólk og gefa því vald, ábyrgð og traust til að vinna verkefni. Mikilvægt er svo í framhaldi að ræna ekki starfsmann vel unnu verkefni heldur fagna sigrinum með honum. Það er minn sigur að sjá fólk ná árangri í sínu starfi. Með því nærðu að virkja frumkvæðið og metnaðinn til að gera betur og fylgja eftir góðum hugmyndum. Þannig græða þeir sem þurfa á þjónustunni að halda en einnig fyrirtækið sjálft. Þetta er svo mikið „common sense“,“ segir María Fjóra.

Hún hefur þá framtíðarsýn að skapa vinnuvænt umhverfi og jákvæðan, kraftmikinn vinnustað á Hrafnistuheimilunum.

„Mikilvægt er að ræna ekki starfsmann vel unnu verkefni heldur fagna sigrinum með honum. Það er minn sigur að sjá fólk ná árangri í sínu starfi.“

„Hrafnista er mjög góður vinnustaður í dag en mig langar að gera enn betur. Markmiðið er ekkert óraunhæft að mínu mati en stjórnvöld verða þá líka að taka þátt; við viljum að íbúarnir fái þá þjónustu sem þeir þurfa og að starfsfólkinu líði vel, því ég veit að líði starfsfólkinu illa getum við ekki veitt góða þjónustu. Ég legg mig fram við að skilja starfsemina og hlusta, þannig að ég geri ekki óraunhæfar kröfur til starfsfólksins. Ég legg áherslu á jafnvægi milli einkalífs og vinnu, gott umhverfi og að störf þess séu metin. Þannig fær maður starfsfólk til blómstra og skila árangri. Mitt markmið er að fyrirtækið sigli áfram þó svo að eitthvað kæmi fyrir mig. Að mínu mati er það góður stjórnandi.“

Eiga skilið góða umönnun

Sem forstjóri ætlar María Fjóra að halda áfram að berjast fyrir bættari þjónustu fyrir þá sem þurfa á sólarhringsþjónustu að halda og fyrir því að stjórnvöld tryggja fjármagn fyrir þeirri þjónustu sem ríkið óskar eftir að kaupa. Þannig sé staðan því miður ekki í dag.

„Því ég veit að það er skakkt gefið, það eru gerðar meiri kröfur á þjónustu en er greitt fyrir og það er brýnt að leiðrétta það því sá sem liður fyrir það er sá sem þarf á þjónustunni að halda. Starfsfólkið liður fyrir að geta oft og tíðum ekki veitt þá þjónustu sem krafa er um. Við þurfum að koma þessu á rétt ról og finna jafnvægið. Þetta er kynslóðin sem er að afhenda okkur landið og hún á skilið að við hugsum vel um þau.“

ERUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR VOR 2021



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Klassískt og köflótt skal það vera

Kannski er það að þakka vinsælum sjónvarpsþætti þar sem taflborð kemur víða við sögu, eða kannski leitumst við öll eftir því að komast í návígi við aukinn stöðugleika á fordæmalausum tímum. Köflótt er það sem koma skal, en tiskupallarnir í Kína, Mílanó, Barcelona og víðar síðasta haust, sem segja til um vor og sumartískuna 2021, einkenndust af þessu kunnulega mynstri og mátti sjá það í ýmsum útfærslum, hvort heldur er í jökkum, frökkum, peysum, prjónavestum, kjólum, pílsu, buxum og hvað eina.

Þá er hið klassíska köflótta mynstur með svörtu og hvítu mjög móðins, en hönnuðir voru heldur ekki feimnir við að setja fram áhugaverðar og djarfar litasamsetningar með sterkum gulum, rauðum og bláum tönum. Rauðar og hvítar köflóttar flikur í anda lautarferða voru þá einkar algengar.

Mildari samsetningar með drapplituðu, kremlituðu, hvítu og brúnu voru þar að auki áberandi og munu líklegast verða vinsælli eftir því sem fram líður á sumarið og á hlýrri áfangastöðum.



Köflóttar flikur voru áberandi á tiskupöllum í Mílanó í haust. Hér má sjá kápu og samfesting með mynstrinu góða, úr smíðju Daniela Gregis.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY.

Sir Arnar Gauti Lífsstílsblað

FIMMTUDAGUR 28. JANÚAR 2021

Kynningar: Álfaborg, Slippfélagið, Innréttingar og tæki



FAKÓ

VERZLUN  HÚSGÖGN

Holtagarðar • 2 hæð • 568 0708 • www.fako.is



Klassísk hönnun

Akademias skólinn var hannaður með það fyrir augum að húsnæðið henti vel nemendum og kennurum.

Akademias er nýr skóli, staðsettur í Borgartúni 23. Skólinn er einn tæknilegasti skóli landsins. Þar er fjölbreytt nám í boði, meðal annars svokallað mini MBA, en auk þess býður skólinn upp á fjölbreytt úrval námskeiða. Ég tók að mér það verkefni að hanna endurbætur í skólanum.

Það magnaðasta við verkefnið út frá hönnun og framkvæmdum er að eigendur skólans, Guðmundur Arnar og Eyþór, skrifuðu undir leigusamning á húsnæðinu eftir töluverða leit kl. 11.00 á miðviku-degi og verktakinn, Bestverk, var kominn í framkvæmdir klukkutíma síðar. Skólinn var fullgerður á sjö dögum og átti ég ótrúlega gott samstarf við Björgvin, verktakann minn.

Húsnæðið var eins og tómur rammi fyrir mig til að vinna með. Það var ekki mikið niðurrif og gekk fljótt að hefjast handa við að

leggja gólfefni, sem var grásprengt vinyllparket frá Húsasmíðjunni. Að því loknu var málað og hugmyndir vöknudu.

Aðalugsunin við hönnun skólans var að gera hann klassískan í útliti en með tvisti, þannig að upplifunin yrði að hann tæki utan um nemendur á hlýjan hátt, auk þess að hafa svo stælt útlið sem myndi lifa með skólanum í nokkur ár.

Guðmundur og Eyþór vildu skapa afslappaða stemningu við skólann. Við ákváðum að setja upp lítið kaffihús og stúka það af með léttum vegg sem við klæddum með hljóðeinangrandi plötum sem eru ótrúlega klassískar og fallegar. Þælingin var að þegar nemendur kæmu í tíma gætu þeir safnast saman fyrir tímum með öll helstu blöðin, fengið sér gott Nespressokaffi og spjallað. Þetta rými er einnig vinsælt í kaffihléum á námskeiðum. Í raun eru hópar



Skólinn á að vera góður staður fyrir nemendur. Hægt er að setjast niður með kaffi og mynda gott tengslanet.



Það tók aðeins sjö daga að breyta húsnæðinu og gera það vistlegt fyrir nemendur.

með svipað áhugasvið sem sækja þennan skóla en góð tækifæri til að stofna góð tengslanet.

Ég elska að vinna með Nespresso og fjárfestu þeir Akademias bræður í stórrí vél sem getur keyrt sem flesta kaffibolla á sem stystum tíma til þess að flestir geti notið þess að fá sér gott kaffi í pásam á milli tíma. Þá er fatahengi og bar-

borð með stólum, þar sem hægt er að njóta þess að horfa á stórfenglegt útsýnið og taka spjall saman.

Ég nota alltaf grænt í hönnun minni, en það gerir ótrúlega mikið fyrir rými og skapar notalega stemningu. Síðan er bara spurning hvernig ég útfæri það. Í þessu tilviki nota ég blómamottur sem ég kaup í Blómavali og ramma þær inn í fal-

lega sérsníðaða tréramma ásamt lifandi, háum plöntum á gólfi.

Við barborðin ákváðum við, út frá því ótrúlega magni af persónulegum bókum sem þeir Akademias bræður Guðmundur og Eyþór hafa lesið, að setja upp lítið bókasafns-horn.

Ég sótti sjálfur námslínu í skólanum og sat þar til að fá upplifunina og velta fyrir mér hvort það væri eitthvað sem betur mætti fara. Ég verð að segja að námskeiðið var „mind blowing“ og skemmtilegt að sjá hvernig þeir Akademias bræður setja upp öll sín námskeið. Gæðin voru stórfengileg! Námskeiðið sem ég sat heitir „Leiðtogi í upplifunarahönnun“. Fyrirlesarar voru allt frá því að vera Páll Óskar í snilling eins og Sigurjón Sighvatsson. Að kynnast samnemendum mínum og mynda tengslanet til framtíðar var ómetanlegt.



BESTVERK



Arnar Gauti heldur áfram að sýna áhorfendum falleg heimili á Hringbraut.

Nýir lífsstílsþættir

Ny þáttaröð af lífsstílsþáttunum Sir Arnar Gauti verður frumsýnd í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni Hringbraut. Efst í huga mínum er þakklæti fyrir áhorfið og viðtökurnar á liðandi hausti. Það var ótrúlega gaman að taka viðtöl við allt það skapandi og skemmtilega fólk sem við hittum og fengum að fylgjast með.

Í þessu lífsstílsblaði sem fylgir Fréttablaðinu, Sir Arnar Gauti, fáum við að kynnast áhrifaríku og kraftmiklu fólki í máli og myndum ásamt öðru lífsstílstengdu efni. Meðal annars eru í blaðinu innlit á heimili sem gaman er að kynna fyrir lesendum.

Inga Tinna gleymir ekki draumum sínum og framkvæmir þá með góðum árangri. Hún hefur nostrað við heimilið og mýktin svifur þar yfir ásamt vel völdum listaverkum.

Anna Marta er ótrúlega kraftmikil kona sem býr ásamt eiginmanni sínum, vöruhönnuðinum Ingólfi Erni Guðmundssyni, og börnum í Garðabæ. Heimilið er stórbrotið og húsið fallegt en það teiknaði Gunnar Hansson árið 1967.

Arkitektaparið Rebekka og Ellert býr í fallegu Sigvaldahúsi í Kópavogi. Heimili þeirra er fagað

og fallegt. Þau stofnuðu hönnunar fyrirtækið Former sem hefur vakið verðskuldaða athygli. Vera er fyrsta vörulínan sem gefin var út af íslenska hönnunarstúdíóinu Former og er seld í einum bestu hönnunarverslunum Reykjavíkur.

Við gerð lífsstílsblaðsins Sir Arnar Gauti skoðum við nýjar áherslur fyrir komandi vetur. Það var mat okkar að þær þyrfu að vera í stíl Sir Arnars Gauta. Við ákváðum að fara bresku leiðina í anda þess sem nafnið Sir Arnar Gauti gefur til kynna.

Forsíðumyndina tók Pétur Fjeldsted við Laxnes í Mosfellsdal. Við vorum svo heppin að fá prinsessu Töru, dásamlega fallegan hund, með á myndina til að undirstrika þessa ímynd Sir Arnars Gauta sem hefur alltaf fallið fyrir flestu bresku í hönnun eins og Barbour, Land Rover og fleiru.

Fram undan er dýrmætur en vandasamur tími sem við ætlum að njóta og kynna fyrir lesendum áhugaverðar og skapandi persónur en það er alltaf markmið Sir Arnars Gauta, hvort sem það er fyrir lesendur Fréttablaðsins eða áhorfendur Hringbrautar.

Gerum þetta saman, sagði einhver.

Sir Arnar Gauti



HÚSASMIÐJAN FYRIR ÞIG



SIR ARNAR GAUTI PARIS MOOD


Upplifðu París með sérvöldum Lady litum
Sir Arnars Gauta í Húsasmiðjunni




5504
Coastal Blue




8546
Local Green




10385
Belgian Brown




1288
Spring Shadow



20145
Wisdom




12123
Contemp. White




1462
Grey Slate



8494
Organic Green




99
Black



1563
Dark Beach Sand



5503
Natural Blue



1024
Timeless

Þar sem listin fær að njóta sín

Inga Tinna er kraftmikil athafnakona. Hún býr í fallettri íbúð við Vatnsenda, en þar er einstakt útsýni yfir borgina og golfvöllinn. Íbúðin er hlý og notaleg enda hefur Inga Tinna nostrað við hana.

Þegar komið er inn á heimili Ingu Tinnu upplifir maður ótrúlega kyrrð og núllstillingu. Inga keypti íbúðina nýja og er búin að hanna hana í samstarfi við mig, en samt gera hana að sinni. Hún er ótrúlega dugleg athafnakona sem er búin að koma á laggirnar tveimur fyrirtækjum á skömmum tíma, Icelandic Coupons og dineout.is.

Þegar ég heimsótti Ingu Tinnu bauð hún upp á sushi frá Fiskfélaginu. Dineout.is virkar þannig að viðskiptavinurinn fer inn á síðuna og getur þá séð flesta veitingastaði landsins, ásamt því að panta borð með einföldum hætti. Þá er hægt að sjá hvaða tímar eru lausir á veitingastöðunum. Þetta er lýsandi fyrir framtaksemi Ingu Tinnu í því ástandi sem nú ríkir í heiminum. Hún setti forritara sína í að gera viðauka við síðuna þannig að núna býður dineout appið upp á að viðskiptavinur geti smeltt á möguleikann „taka heim“ eða pantað mat frá veitingastað. Matreiðslumenn afgreiða hann til viðskiptavina eins og þeir væru á staðnum. Síðan er hægt að setja matinn á fallega diska heima og láta sem maður sé úti að borða.

Inga Tinna starfaði sem flugfreyja hjá Icelandair í nokkur ár meðfram því að reka þessi tvö fyrirtæki en á ferðalögum sínum hefur hún haft tækifæri til að eignast fallega hluti fyrir heimilið og sjálfa sig.

Heimilið er gríðastaður hennar, enda leggur Inga Tinna áherslu á að hafa fallega minjagrip sem hún hefur eignast á ferðalögum sínum í kringum sig og leyfir listinni

» Heimilið er gríðastaður, enda leggur hún áherslu á að hafa fallegar minningar sem hún hefur eignast á ferðalögum í kringum sig.

að njóta sín. Hún er fagurkeri og hefur ótrúlega mikinn áhuga á listgripum og velur gjarnan unga listamenn sem eru að gera góða hluti. Þannig fjárfestir hún í list þeirra snemma á ferlinum.

Íbúðin hennar er hlý og notaleg. Hver hlutur fær að njóta sín á gráum veggjum sem fara í gegnum alla íbúðina sem er máluð í 3% gljástigi Lady Colour með lit sem heitir „Paris grár“ sem fæst í Húsa-smíðjunni. Liturinn fer vel við listaverkin sem Inga Tinna hefur komið sér upp. Hún er til dæmis mjög hrifin af Pétri Gaut listamanni, en það er litapallettan í myndum hans ásamt formunum sem heillar hana.

Við útbjuggum í sameiningu heimaskrifstofu sem er sömuleiðis afsöppunarrými með fallettri list á veggjum, í bland við uppáhaldshlutina hennar. Inga Tinna leyfir fallettri hönnun í tisku að njóta sín í hillum frekar en að vera með þá inni í skáp.

Það sem er svo yndislegt við Ingu Tinnu er að hún er ótrúlega mikil fjölskyldumanneskja og ég hef alltaf dáðst að henni fyrir það. Þá eru foreldrar hennar alltaf í fyrsta sæti en það segir margt um þessa stórglæsilegu athafnakonu.




Arnar Gauti og Inga Tinna við fallett málverk eftir Pétri Gaut sem fer vel við umhverfið.

MYNDIR/PÉTUR FJELDSTED



Heimaskrifstofunni er haganlega fyrirkomið.




Hver smáhlutur á sinn stað á heimilinu.



Frá heimilinu er glæsilegt útsýni til fjalla.



Svefnherbergið er fallett í gráum tónum.



Stóllinn Barcelona sómir sér vel með listaverkinu eftir Pétri Gaut. Takið eftir litunum.



Inga Tinna leggur áherslu á smáa sem stærr hluti á heimilinu, það á líka við um eldhúsið.



Eldhúsinnréttingin var filmuð svört að hluta. Stólmarnir eru frá Dialma Brown á Ítalíu.



Sir Arnar Gauti og Inga Tinna sitja hér við borðstofuborðið með girnilegt sushi og Sparkling tea.



Sushi-bitarnir eru glæsilegir frá Fiskfélaginu. Borðbúnaðinn keypti Inga Tinna í Japan.



MacIntosh stóllinn tónar vel við glæsilegu myndina, sem er eftir Hendrikku Waage.

Fagleg ráðgjöf hjá Álfaborg

Eitt rótgrónasta fyrirtæki landsins, Álfaborg, hefur spilað stórt hlutverk þegar kemur að vali á gólfefnum fyrir fyrirtæki og heimili. Þar er hægt að finna allt fyrir heimilið sem við kemur gólfefnum.

Listinn er ótæmandi þegar kemur að gólfefnum. Parket-deildin er mjög fagleg og fylgir straumum og stefnum í parketvali. Vínyparket hefur verið að ryðja sér mikið til rúms síðustu misseri enda ótrúlega sterkt og endingargott gólfefni sem þolir nánast hvað sem er. Tarkett er fyrirtæki sem býður upp á ótrúlega góðar lausnir og liti þegar kemur að vínyparketi. Viðarparket og harðparket er alltaf vinsælt en vínyparket er flott viðbót í gólfefnival landsins. Vínyparket er bæði hægt að

kaupa með smellukerfi og svo niðurlímt.

Einn stærsti kosturinn hjá Álfaborg er áratuga reynsla sem starfsfólkið þar býr yfir. Það getur verið flókið að velja rétta gólfefnið og þá er gott að fá greinargóða ráðgjöf um efnisval. Starfsfólk leiðir viðskiptavinum í gegnum allt ferlið.

Flisadeildin hjá Álfaborg er þekkt fyrir hágæða framleiðendur eins og Porcelanosa, einnig eru fjölmargir valkostir í teppadeildinni hjá Álfaborg sem fyrirtæki hafa nýtt sér mikið með til dæmis

blandi af teppaflisum og vínyparketi á gönguleiðum sem er flott lausn til að afmarka starfsstöðvar fyrirtækja.

Álfaborg er að fara í flottar breytingar á sýningarsal sínum á næstu vikum og verður spennandi að sjá útkomuna þar.

Álfaborg vinnur náið með hönnuðum og arkitektum og hefur nýlega tekið í notkun lítinn sýningarsal þar sem hönnuðir og viðskiptavinir geta valið saman allt sem til þarf og séð hver útkoman verður.



Hjá Álfaborg er einstakt úrval af fallegum flisum.



Hér má sjá gæðaflisar frá Álfaborg. MYNDIR/ADSENDAR



Vínyparket kemur ótrúlega vel út í þessu fallega umhverfi þar sem er vítt til veggja og mikil lofthæð.



Álfaborg hefur langa reynslu af því að selja parket af mörgum gerðum og starfsmenn gefa góða ráðgjöf.



Bottega hafa verið eftirsóttar flisar fyrir baðherbergið.



Hér eru Bottega flisar frá Álfaborg í stofu en þær henta alls staðar.



Viðarparket er alltaf mjög klassískt og vinsælt enda endingargott.

Heimili með kærleika og ást

Hjónin Anna Marta Ásgeirsdóttir og Ingólfur Örn Guðmundsson eru búin að koma sér upp fallegu heimili með börnum sínum í Garðabænum. Húsið teiknaði Gunnar Hansson 1967.

Anna Marta tók vel á móti okkur á fallegum vetrardeggi, en hún er ótrúlega kraftmikil kona sem gaman er að kynnast. Þegar Anna Marta er spurð hvernig hún myndi lýsa heimilinu, svarar hún: „Bjart og fallegt, kærleiksrikt og ástrikt. Það er blanda af mörgum ólíkum hlutum sem mynda svo eina heild. Hér eru hlutir sem maðurinn minn hefur hannað, húsgögn úr IKEA í bland við húsgögn úr EPAL ásamt öðrum hlutum sem tilheyrðu kannski forfeðrum okkar.“ segir hún. „Við höfum gaman af því að eignast falleg listaverk og höfum oft á tíðum gert samninga við listamenn um að greiða fyrir verkin yfir lengri tímabil og þannig getað eignast falleg verk. Húsið okkar er teiknað árið 1967 og við höfum markvisst verið að laga það að lífsstíl okkar án þess að farna upprunalegri hugsun Gunnars Hanssonar arkitekts, sem teiknaði húsið.“

Þú ert með mjög stórt borðstofuborð, hvernig kom það til?

„Ég fékk símtal frá ferðaskrifstofu um að útbúa veislu fyrir indverska auðkýfinga. Fyrst átti veislan að vera í sal úti í bæ. Konan sem hringdi nefndi það við mig hvort ég væri til í að taka hópinn heim til mín. Ég sagði já, já, ekkert mál, þau væru velkomin til mín,“ útskýrir Anna Marta.

Hún kvaddi svo konuna og hringdi í eiginmanninn og sagði honum að þau væru að fá stóran hóp heim til sín. „Maðurinn minn er vöruhönnuður og hafði áskotnast nokkrar glerplötur sem átti að henda. Hann hugsaði smástund og sagði: „EKKI MÁLIÐ“. Eftir tvo daga var borðið tilbúið, en er í raun tvö borð sem sett eru saman og rúma því 20 manns. Grindin er úr ryðfríu stáli og ofan á glerið lét hann útbúa mynd af jökulsprungu. Sjúklega flott hjá honum. Hann rúllar öllum verkefnum vel upp.“

Styttan á miðju gólfinu vekur óneitanlega athygli, eftir hvern er hún?

„Hún er eftir Ragnheiði Stefánsdóttur. Eiginmaðurinn gaf mér hana þegar ég varð fertug. Ég er því líklegt ánægð með hana.“

Hvaðan kemur öll þessi dýnamík sem þú býrð yfir?


„Dýnamík og kraftur meinar þú. Ég hef alltaf verið með mikla orku. Sköpunargleði mín og að hjálpa öðrum hefur komið með árunum. Þegar maður umgengst mikið af frábæru fólki sem er líkt manni í fasi og liðan verður eitthvað frábært til. Er það ekki bara?“ spyr hún.

Nú ert þú þekktur hóptíma- og einkaþjálfari ásamt því að vera matþjálfari, hvernig fer þetta allt fram hjá þér?

„Matarþjálfunin, sem nefnist „Borðaðu hreinni fæðu“ er mánadagurprógramm þar sem við byrjum á viðtali, spjöllum um lífsstílsvenjur og hvernig dagar fólks hafa verið undanfarið. Hvaða næringu færðu? Á hverju nærir þú þig almennt? Ásamt fleiru. Við förum yfir þær lífsvenjur sem eru í gangi núna og hvernig hægt er að breyta þeim. Búum til tengsl okkar á milli. Fókuserum á jákvæðar breytingar á þessum vikum sem við erum saman. Ef þú vilt getur þú stigið á vigt og sömuleiðis mælt ummál. Eftir mánuð vigtum við aftur og mælum ummálið.“

Matarhlutinn

„Allt sem við kemur næringu er ljósmyndað og sent á mig á FB-messenger.“



Anna Marta er hér með böku sem hún gerir með pestóinu sínu og döðlumaukinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Notalegt horn og umhverfi hjá Önnu Mörtu og Ingólfi.



Styttan, sem var gjöf, er eftir Ragnheiði Stefánsdóttur.

Ég svara eins fljótt og ég get. Þetta er algjörlega á forsendum þess sem skrasetur sig. Ég er stuðnings- og aðhaldsbolti sem hjálpar fólki inn á rétta braut.

Það eru þessar algengu lífsstílsvenjur sem fólk breytir helst við matarþjálfun hjá mér. Förum í að borða meira hreina fæðu. Hugum að samsetningu á próteinum, trefjum, fitu og kolvetnum. Hugsum fram í tímann með næstu næringu.

Það sem gerist á þessum vikum er hugarfarsbreyting, ferskari líkami, fallegri húð og vel nærður líkami. Bónusinn er svo færri sentimetrar og kíló.

Ef maður einbeittir sér að því sem nærir mann mest dregur það úr neikvæðum tilfinningum þegar hlutirnir ganga ekki upp og þú upplifir meiri sigurtílfínningu,“ útskýrir Anna Marta.

Hvenær förstu út í eigin framleiðslu á pestói & döðlumauki?

„Ég hef verið að dunda mér í eldhúsi frá því ég var unglingur. Fyrir nokkrum árum fór ég að leika mér við það að gera alls kyns pestó og sósur úr hreinum afurðum. Uppskriftin að þessu pestói fékk strax súper góða dóma hjá fjölskyldu og vinum. Ég bjó síðan til döðlumauk til að hafa á nám-skeiðunum mínum, Ævintýraferðum bragðlökanna. Þá fékk ég að heyrja hvað þetta væri gott. Síðastliðin ár hef ég fengið margar fyrirspurnir um pestóid og döðlumaukið, til dæmis hvort það væri ekki að koma í búðir. Einn daginn lét ég verða af því. Það tók mig reyndar nokkur ár að koma þessu frá mér í búðir og gengur vonum framar. Frábær viðbrögð við vörum og ég er í skjýjunum með allt saman,“ segir hún.

Hvernig kom verkefnið Hringur til hjá ykkur?

„Þegar við hjónin giftum okkur árið 2005 báðum við gesti okkar að kaupa ekki handa okkur gjafir heldur aðstoda okkur frekar við að láta gott af okkur leiða. Á þessum tíma var Barnaspítali Hringins kominn í nýtt og fallegt húsnæði og okkur datt í hug að það gæti verið góð hugmynd að spítalinn eignaðist sitt eigið „lukkudýr“. Við nálgudumst yfirlækni og hjúkrunarfólk á Barnaspítala Hringins með hugmyndina og ísbjörninn Hringur varð til í framhaldinu.

Að verkefninu hefur komið ótrúlega mikið af fagfólki sem hefur unnið að því að móta hugmyndina betur. Að mörgu þarf að hyggja, meðal annars að móta karakterinn Hring, hanna búninginn þannig að hann verði sem eðlilegastur, finna fagmenn til að leika Hring og skipuleggja heimsóknir í samvinnu við stjórnendur á spítalanum.

Í dag heimsækir Hringur börnin á Barnaspítalanum reglulega og alltaf gripur um sig mikil eftirvænting ef fréttist af því að hann sé væntanlegur. Við áttuðum okkur svo á því að eftir fyrstu tvö árin var stofnupphæðin sem vinir og fjölskylda höfðu lagt fram uppurin. Ég fékk því þá hugmynd að framleiða súkkulaði fyrir jólin sem ég nefndi Dásemd og við byrjuðum að selja það til vina og kunningja til þess að tryggja að Hringur fengi að lifa áfram. Okkur hefur því tekist að halda verkefninu lifandi í fimmtán ár og ætlum okkur að tryggja að Hringur fái áfram að gleða stór og lítil hjörtu á spítalanum um ókomin ár.“



Pallurinn er risastór og skjólgóður. Þar hafa þau komið fyrir útielddhúsi. Ekki leiðinlegt að elda þarna á góðum sumardögum og tylla sér síðan við borðin með góðan grillmat.



Anna Marta framleiðir pestó og döðlu-mauk sem notið hafa vinsælda.
FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Glæsilegur pallur er fyrir utan húsið þar sem gott er að sitja í góðu veðri.



Mjög sérstakt verk sem kallar á athygli í stofunni hjá þeim hjónum.



Kertaarinninn er með bláum kertum sem er raðað fallega upp.



Það er margt fallegra muna á heimilinu enda leggja þau upp úr því.

Þroskaðu þína ilmupplifun!

Seinni hluta síðasta árs kom á markaðinn í fyrsta sinn á Íslandi hugarfóstur Frakkans Jean Lenoir, sem er ilmsett með 54 litlum flöskum sem hver inniheldur kjarnaolíu til að auka lyktarupplifun.

Arnar Gauti
Sverrisson
arnargauti@sirarnargauti.is



Með ilminum er hægt að þróa með sér vitneskju til að greina innihaldsefni í rauðvíni og hvítvíni. Le Nez du Vin, eða ilmur vinsins, lærist með að þroska og æfa sig í að lykta af númeruðum flöskum og á hver flaska sitt spjald í kassanum með greinargóðri lýsingu á innihaldinu.

Þetta er notað til að þjálfva vinnuþjónu viðs vegar um heiminn, en ekki þarf neina sérkunnáttu til að nýta sér þessa lausn, síður en svo, og þetta er frábært fyrir allt vínáhugafólk til að þroska sitt nef og geta lesið hver uppi- staðan í víninu er.

Mér finnst einnig heimur ilmupplifunar mjög heillandi og hef notað lyktarhönnun

mikið í ýmsum hönnunartengdum verk- efnum, en þar er verið að bæta við upplifun sem er meira en bara hljóð og sjón. Við erum ótrúlega fljót að skynja minningu eða hugsun þegar við finnum lykt og hefur lyktarhönnun verið að ryðja sér til rúms hjá fyrirtækjum í þeirri upplifun sem viðskiptavinurinn á að upplifa.

Ilmur vinsins kemur í ýmsum stærðum og gerðum í fallegru bók sem inniheldur ilm- glösin, bók og spjöldin til að fræðast um ilm- tegundirnar. Þetta er allt handunnið og endist ilmurinn í glösum í 5 ár eða lengur, ef hann eru geymdur við góðar aðstæður.

Þetta er sannarlega áhugaverð viðbót til að breikka lífsstílstengd áhugamál flestra.

Hægt er að fræðast nánar um ilminn á www.ilmurvinsins.is



Ilmflöskurnar eru 54 talsins. Þær henta einkar vel fyrir þá sem vilja fræðast um innihald vins með því að þefa úr glösinu.



Vínáhugamenn hafa gaman af því að þefa úr vinglösum og geta sér til um innihaldsefni.

Skoðið fleiri innréttingar á
innlifun.is



INNlifun

Suðurlandsbraut 26 Sími 587 2700

Opið 11-18 virka daga, 11-16 laugardaga

innlifun.is

ALNO

ALVÖRU ELDHÚS

Litatónar innblásnir úr náttúrunni

Hjá Slippfélaginu er mikið úrval flestra gerða af málningu. Vörurnar eru umhverfisvænar og litaúrvalið sérstaklega mikið. Slippfélagið býður mikið úrval af málningu utan- og innanhúss.

Slippfélagið býður upp á fjölbreytt litaúrval sem er sérvalið af hæfileikaríkum hönnuðum og fagurkerum.

Nýja litapallettan sem ber heitið Ilmur hefur strax fengið mjög góð viðbrögð. Enda faguð mjúk palletta sem heillar. Það sem er svo áhuga-vert við þetta samstarf Slippfélagsins við hönnuði er að þetta sparar mörg skrefin við val og ákvörðunartöku þegar á að fara í framkvæmdir þar sem hönnuðurinn sem vinnur við þetta allt árið er búinn að leggja mikla vinnu í að auðvelda viðskiptavinum Slippfélagsins að velja liti sem passa saman í rýmum þeirra. Þetta er snjöll hugsun hjá Slippfélaginu og hefur verið vel tekið af viðskiptavinum þeirra.

Saga Slippfélagsins spannar meira en heila öld og hefur það ávallt verið leiðandi í málningar-efnum og litavali.

Vörurnar eru flestar umhverfisvænar og bera flestar merki græna Svansins, sem er gæðavottun um að varan sé betri fyrir umhverfið og heilsuna. Svansmerktar vörur eru lausar við leysiefni og skaðlega losun. Svansmerkt málning Slippfélagsins uppfyllir því ströng heilsuviðmið og ná þeir staðlar til dæmis yfir þær kröfur sem astma- og ofnæmissjúklingar gera.

Slippfélagið er stolt af því að geta boðið viðskiptavinum upp á þennan umhverfisvæna valkost á málningarefnum.

Sæja innanhússhönnuður

„Línan Ilmur er innblásin af jarðlitum, dempaðir tónar með gulum og rauðum undirtönnum. Nöfnin á litunum tengjast ilmum úr náttúrunni og gefa til kynna hvernig þeir eru á litinn. Fallett er að blanda litunum saman inni á heimilum, hvort sem er með fylgihlutum sem vísa í aðra tóna úr línunni eða með því að deila þeim niður á rými.“

Hvernig hugsaðir þú þessa litapallettu þegar þú varst að skapa hana?

„Hún þróaðist soldið að sjálfu sér út frá minni vinnu. Ég hef verið að vinna með nokkra af litunum úr línunni síðustu ár og svo þegar við förum að ræða nýja línu fyrir Slippfélagið þá setti ég kraft í að finna nýja liti sem mér fannst passa við þá fyrri.“

En jafnframt langaði mig til að búa til heildstæða línu sem harmónerar öll saman. Það er því upplagt að velja liti úr línunni á



Þessi litur kallast Leir en hann er úr nýju litakorti Sæju. MYNDIR/ADSENDAR


rýmin sjálf og nota svo aðra tóna til að byggja upp rýmið eins og með húsgögnum, efnum og fylgihlutum.“

Hvernig myndir þú lýsa þessari litapallettu?

„Hlýlegir litatónar innblásnir úr náttúrunni.“



Þessi litur er bæði framandi, róandi og fallegur. Hann heitir Krydd.



Hör á veggjum og Dimmur í lofti.



Liturinn Lakkris. Afar fallegur liturinn minnir á lit lakkrisrótarnnar.



Liturinn Hör á veggjum og Dimmur frá Slippfélaginu eru hér í lofti og setja fallegan og notalegan svip á umhverfið. Björt og hlýleg hönnun Sæju.

slippfelagid.is/ilmur

Ilmur

LITAKORT BYGGINGARFRÉTTIR sæja

Ilmur er ný litalína Slippfélagsins hönnuð í samstarfi við Sæju innanhúshönnuð. Línan er innblásin af jarðlitum, dempaðir tónar með gulum og rauðum undirtönnum.

Hör	Leir	Traffla	Borkur	Kandis
Mjorra	Krydd	Lyng	Lakkris	

Innblástur og nýir litir á slippfelagid.is

Opið:
8-18 virka daga
10-14 laugardaga
slippfelagid.is

Hver hlutur hefur sína sögu

Rebekka og Ellert eiga fallett heimili í Kópavogi. Þau eru með master í arkitektúr og starfa hvort á sinni stofunni. Þau stofnuðu hönnunarfyritækið Former sem hefur vakið verðskuldaða athygli.

Heimili þeirra er fagað og hlýlegt þar sem þessir fagurkerar hafa vandað vel til verka í björtu fallettu húsi hönnuðu af Sigvalda Thordarsyni.

Nú eruð þið bæði arkitektar sem er mjög heillandi, hvernig kom það til og hvar lærðuð þið?

Bæði áttum við okkur þann draum að verða arkitektar þegar við vorum yngri, vorum bæði með fyrirmyndir sem kynntu fagið fyrir okkur. Fórum síðan saman í nám í arkitektúr til Bandaríkjana í listaháskóla sem heitir Savannah College of Art and Design (SCAD) og lukum mastersnáminu árið 2012.

Hvernig mynduð þið lýsa heimilinu ykkar?

Mikill hraði er á öllu í nútíma-samfélagi, við leitumst eftir því að heimilið búi yfir vissri ró ásamt því að vera persónulegt. Við náum því fram með náttúrulegu efnis-

vali og að ofhlaða ekki hlutum inn á heimilið, hver hlutur hefur sína sögu og fær að njóta sín.

Eigið þið uppáhalds hlut eða húsgagn á heimilinu?

Listaverk eftir vini okkar, keramik eftir fjölskyldumeðlimi og hlutir sem við höfum safnað okkur á ferðalögum koma fyrst upp í hugann.

Nú stofnuðuð þið hönnunarfyritækið Former, hafði það blundað lengi í ykkur?

Að hanna húsgögn var ávallt í okkar plönnum. Að stofna fyrirtæki í kringum það var rökrétt skref eftir að við höfðum verið að hanna vörulínuna og vera í vörubrúun í dagóðan tíma.

Allt ferlið í kringum Former hefur því verið frekar lifrænt í okkar huga.

Hvar er hægt að nálgast vörur frá Former?

Vörurnar fást hjá Epal, Nomad

“Að hanna húsgögn var ávallt í okkar plönnum.

og í netverslun okkar, former.is.

Hver er eftirlætis arkitektinn ykkar og af hverju heillar hann ykkur?


Högnu Sigurðardóttir, Tadao Ando, Peter Zumthor og Norm arkitektar eru þeir sem koma upp í hugann í fljótu bragði. Þessir arkitektar eiga það sameiginlegt að vinna skemmtilega með náttúrulega lýsingu og efni í verkum sínum. Einnig eru oft á tíðum ekki dregin nein mörk á milli inni- og útirýma, heldur fá þau oft að fljóta saman.



Vera, hillan sem þau hjónin hanna og selja í þekktum hönnunarverslunum og á Former.is. Hillan er hluti af innréttingunni og geymir glös.



Kósi horn í stofunni þar sem arininn lýsir upp á köldum kvöldum.



Rebekka Pétursdóttir og Ellert Hreinsson arkitektar á fallettu heimili sínu í Suðurhlíðum Kópavogs. Þau kjósa ró á heimilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Rebekka og Ellert eru mikið fyrir lifandi blóm eins og sjá má hjá þeim.



Fallett horn þar sem hægt er að setjast niður með kaffibollann.



Horft er yfir stofuna frá eldhúsinu.



Hægt að sitja við gluggann og lesa.



Rebekka og Ellert hafa gert heimilið sitt notalegt og hvert smáatriði er vel úthugað enda starfa þau bæði sem arkitektar og vilja hafa fallett í kringum sig. Litirnir á veggjum eru mildir og koma vel út í blómlegu umhverfinu.

Allt fyrir falleg baðherbergi

Að heimsækja Innréttingar og tæki í Ármúla er frábær upplifun fyrir alla. Þar er hægt að finna ýmislegt til heimilisins þegar kemur að innréttingum og tækjum fyrir baðherbergi og eldhús.

Í vöruúrvali þeirra er að finna fágáða ítalska hönnun í blöndunartækjum, salernum og fleira sem gleður augað. Innréttingar og tæki byrjuðu innflutning fyrir nokkru á ótrúlega merkilegri nýjung á markaðnum, sem er lifandi mosi frá fyrirtækinu Benett Moss á Ítalíu. Þessi græna lausn fyrir heimili og fyrirtæki hefur fengið verðskuldaða athygli og gerir oft útslagið í heildarupplifun eins og til dæmis á veitingastaðnum Duck & Rose, sem Hanna Stína hannaði einstaklega vel; þar nýtur stór aðalveggur veitingastaðarins sín vel í blöndu af grænum mosa og blómum. Þessi lausn hefur einnig verið að ryðja sér til rúms á heimilum sem listaverk á veggjum.

Þegar kemur að nýjungum þá eru komnir ótrúlega fallegir, mjúkir litir í salernum og vöskum sem hafa vakið mikla athygli. Flest veljum við hvít salerni og upp á síðkastið

hafa svört salerni og vaskar verið vinsæl viðbót í baðhergi landsmanna, þannig að mjúkir litir eru kærkomnir og verða klárlega sjáanlegir fljótlega með öllum þeim fallegu, mjúku tönum sem Innréttingar og tæki hafa upp á að bjóða.

Þegar kemur að blöndunartækjum og sturtuklefum er úr nógu að velja og eru þunnir sturtubotnar með reyklituðum glerlausnum einföld og stílhrein lausn.

Flest sem Innréttingar og tæki hafa upp á að bjóða er til afhendingar strax eða með skömmum afhendingartíma sem er mikill kostur.

Hönnun blöndunartækjanna hefur fengið mörg verðskulduð verðlaun og eitt nýjasta, svarta blöndunartækið er frá hönnuðum Lamborghini og er ótrúlega fágáð. Einnig er úrval ítalskra baðsloppa sem taka vel utan um mann og eru einstaklega þægilegir.



Fallegir, mjúkir pastellitir í vöskum og salernum eru nýjung hjá Innréttingum og tækjum í Ármúla. MYNDIR/ADSENDAR



Svört blöndunartæki hafa verið mjög vinsæl að undanförunu.



Nýtt útlit á sturtuhaus gefur baðherberginu nýtt útlit.




Mosaveggur sem er á veitingastaðnum Duck & Rose.



Nýstárlegur og margverðlaunaður ofn á vegg. Innréttingar og tæki bjóða gríðarmikið úrval af alls kyns ofnum.



Salerni í nýjum litatönnum eru ný upplifun hjá Innréttingum og tækjum.



Mosaveggur í stofu við flygillinn setur skemmtilegan svip á rýmið.



Falleg, svört blöndunartæki með útdraganlegum krana eru vinsæl.



Verðlaunaofnana er hægt að fá í mismunandi gerðum og litum.

FRITZ HANSEN

Egg og skammel

Hönnun: Arne Jacobsen



TILBOÐ

20% afsláttur*

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

Egg:
Verð: 989.000.-
Tilboðsverð: 791.200.-



Skammel:
Verð: 290.000.-
Tilboðsverð: 232.000.-

*Gildir til 1. mars 2021 ~ Áklæði: Re-wool · 21 litamöguleiki



Það er kalt á toppnum, taktu fjölskylduna með.

Með hönnun á Taycan þræðir Porsche hinn gullna meðalveg. Taycan er fjölnota, 5 sæta, 100% rafmagnsbíll, sem uppfyllir bæði kröfur hins ástríðufulla ökumanns um leið og hann framkallar einstaka akstursupplifun hjá allri fjölskyldunni. Í Taycan hefur Porsche tekist hið ótrúlega og um það vitna ótal verðlaun, jafnt fyrir glæsileika og aksturseiginleika. Kíktu á söluráðgjafa okkar og þeir hjálpa þér að sérsníða bíl að þínum óskum.

Verð: 11.990.000 kr.

Hestöfl: 408 – 476 | 19" Aero álfelgur | 150 w hjóðkerfi m/10 hátölurum | Leðurinnrétting | Rafdrifin stillanleg sportsæti | Leiðsögukerfi með Íslandskorti | Fjarlægðarskynjarar framan og aftan | Leðurklætt Sport aðgerðastýri | LED ljósabúnaður | Rafdrifin vindskeið | 16,8" stafrænt mælaborð | Apple Carplay | 10,9" háskerpu stjórnborð með snertiskjá | Skriðstillir | Sjálfvirk opnun/lokun á afturhlera | Porsche stöðugleikakerfi | Lyklalaus ræsing | Ferðahleðslustöð



PORSCHE

Bilabúð
Benna

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is | Opíð virka daga frá 9:00 til 18:00 og laugardaga frá 12:00 til 16:00

Ánægð með að vera fyrirmynd

Fida Abu Libdeh hlaut í gær Hvatningarviðurkenningu FKA. Hún stofnaði fyrirtækið GeoSilica út frá lokaverkefni sínu í orku- og umhverfistæknifræði og leggur ríka áherslu á sjálfbærni í öllu.

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Fida Abu Libdeh, stofnandi og framkvæmdastjóri GeoSilica, hlaut í gær Hvatningarviðurkenningu FKA árið 2021 fyrir athyglisvert frumkvæði í atvinnulífinu. Fida segir að viðurkenningin hafi komið skemmtilega á óvart og það sé gaman að vera fyrirmynd og til hvatningar fyrir aðrar konur.

Fida stofnaði fyrirtækið GeoSilica árið 2012 út frá lokaverkefni sínu í orku- og umhverfistæknifræði.

„Í námi mínu lagði ég áherslu á sjálfbæra orkugjafa svo sem jarðvarma og fleira og í lokaverkefninu skoðaði ég möguleikana á nýtingu á affallsvatnsins sem fellur til við jarðvarmavirkjanir,“ segir Fida. „Eftir að ég skilaði ákvæð ég svo að stofna fyrirtæki og fór svo fljótlega í MBA-nám í Háskólanum í Reykjavík til að læra að reka fyrirtæki.“

Við fundum upp á aðferð til að taka verðmæt steinefni úr vatninu og erum að framleiða fæðubótarefni úr þeim,“ segir Fida. „Aðalhræfnið er silica, eða kísill, en hann er ætlaður til inntöku og við erum með fimm vörur á markaði sem innihalda kísil sem aðalsteinefnið, en vörurnar innihalda einnig ýmis önnur gagnleg steinefni og vítamín. Við sjáum algerlega um framleiðsluna á hráefni og erlenda markaðssetningu. Það tók okkur þrjú ár að

þróa framleiðsluáferðina sem er einkaleyfishæf,“ segir Fida. „Eftir það tók við vörupróun þar sem lögð var áhersla á að búa til náttúrulegar vörur sem uppfylla þarfir markaðarins. Svo höfum við sinnt markaðssetningu og hægt og rólega hefur fyrirtækið vaxið og dafnað.“

Áhugasöm um sjálfbærni

„Ég hef rosalega mikinn áhuga á að nýta allt í kringum mig. Hér á Íslandi notum við heitt vatn til að hita hífli og framleiða rafmagn, en svo búið, en ég hef mestan áhuga á að nýta allt sem fellur til frá náttúruauðlindum og búa til eitthvað nýtt úr því,“ segir Fida. „Ég hef mjög mikinn áhuga á sjálfbærni í öllu. Hún snýst ekki bara um að flokka rusl, ég legg áherslu á hana í öllu sem ég geri, sendi starfsfólki mitt í endurmenntun og finna sjálfbærar leiðir til að koma vörum á markað og skapa sem mesta vinnu og sem flest tækifæri.“

Fida segir að viðurkenningin hafi komið henni á óvart.

„Svona nokkuð kemur manni alltaf á óvart, því maður veit ekki hver er að fylgjast með manni, en það er greinilegt að einhver hefur verið að fylgjast með því sem ég hef verið að gera,“ segir hún.

„Það voru margar konur tilnefndar, svo það er mikill heiður að fá þessa viðurkenningu og hún hefur rosa mikla þýðingu fyrir mig. Sérstaklega sem kona af erlendum uppruna í orku- og umhverfistæknifræði,“ segir Fida. „Ég er stolt af árangrinum



Fida Abu Libdeh, stofnandi og framkvæmdastjóri GeoSilica, segir að viðurkenningin hafi komið henni skemmtilega á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

„Ég er stolt af árangrinum og þakklát og ánægð með að geta verið fyrirmynd fyrir aðrar konur og hvatt þær áfram. Það skiptir miklu máli fyrir framtíðina að ungar konur hafi góðar fyrirmyndir.“

og þakklát og ánægð með að geta verið fyrirmynd fyrir aðrar konur og hvatt þær áfram. Það skiptir miklu máli fyrir framtíðina að ungar konur hafi góðar fyrirmyndir.“

Fida hefur tekið þátt í starfi FKA af krafti og í tvö ár var hún í stjórn nýsköpunardeildar FKA. Hún segir að það hafi verið frábært að kynna þessum flottu konum.

„Maður fær kraft frá þeim og þetta er bæði skemmtilegur og hvetjandi félagsskapur,“ segir hún. „Það er staðreynd að konur fá færri tækifæri á markaði, í fjölmiðlum, nýsköpun og fjármögnun og þess vegna þurfum við að standa saman og vera áberandi og þá er auðvitað betra að vera fleiri saman. Það skiptir rosalega miklu máli að allir fái jöfn tækifæri á markaði.“

Tækifærin eru alls staðar

Bryndís Brynjólfssdóttir, eigandi tiskuvöruverslunarinnar Lindarinnar á Selfossi, hlaut í gær Þakkarviðurkenningu FKA 2020 sem er veitt konu fyrir eftirtektarvert ævistarf stjórnanda í atvinnulífinu.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandrugudrun@frettabladid.is



Bryndís opnaði verslunina árið 1974 og hefur hún því starfað í bráðum 47 ár. Bryndís er brautryðjandi í rekstri tiskuverzlana á landsbyggðinni. Á þeim tíma sem hún opnaði Lindina var litill um sérvöruverslanir úti á landi að sögn Bryndísar. Lindin hlaut strax mjög góðar móttökur og sem dæmi nefnir Bryndís að aðeins fimm vikum eftir opnunina þurfti hún að fara aftur til útlanda til að fylla á lagerinn.

„Á þessum tíma þóttu mikil nýmæli að opna tiskuverzlun úti á landi. Þar voru starfandi kaupfélög og það þótti bara nóg. Það voru kannski einhverjar vefnadarvöruverslanir og garnverslanir þannig að fólk gat bjargað sér, saumað og þrjónað á fjölskyldumeðlimi, en það gat ekki farið út í búð að kaupa tiskufatnað. Þetta voru svo ólíkir tímar,“ segir Bryndís sem lét af störfum í versluninni árið 1989 en dóttir hennar sér um reksturinn í dag.

Bryndís segir að hún hafi farið sjálf út að velja vörur í búðina en einnig hafi hún keypt inn eitthvað af íslenskrum framleiðslu. „Ég versl-

aði til dæmis við JMJ á Akureyri. Ég keypti af þeim herrafatnað á þeim tíma sem herrafatnaður var til sölu í búðinni. JMJ var íslensk framleiðsla. Það voru líka verksmiðjur í Reykjavík sem saumuðu buxur en annað keypti ég að utan að stórum hluta,“ útskýrir hún.

Verslunin er enn í fullum blóma en Bryndís segist hafa orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa haft tryggja viðskiptavinum í gegnum tíðina.

„Það hefur engin verslun opna í svona mörg ár nema hafa viðskiptavinum,“ segir hún.

„Við höfum reynt að þjónusta okkar fólk vel og með aukinni umferð um Suðurland og mikilli uppbyggingu í landshlutanum þá hefur þetta gengið. Fólksfjölgunin hér á Selfossi frá því búðin var opnuð hefur verið gríðarleg.“

Bryndís segir að viðurkenningin hafi komið henni mjög á óvart en henni er þakklæti efst í huga. „Ég varð bara orðlaus þegar ég frétti af þessu, sérstaklega þegar ég áttaði mig á hvaða konur hafa verið á þessum lista,“ segir hún. Aðspurð hvaða þýðingu viðurkenningin hafi fyrir hana segir Bryndís að hún voni að viðurkenningar sem þessi verði til þess að hvetja ungar konur til dáða.

„FKA vekur athygli landsmanna á þátttöku kvenna í atvinnulífinu.

„Ungar vel menntaðar konur í dag, heimurinn bíður bara eftir þeim. Það er allt hægt að gera í dag, tækifærin eru alls staðar ef áhuginn og getan eru fyrir hendi.“

Það vona ég að verði til þess að ungar konur sem hafa tækifæri og löngun til að gera eitthvað stórkostlegt láti verða af því. Ungar vel menntaðar konur í dag, heimurinn bíður bara eftir þeim. Það er allt hægt að gera í dag, tækifærin eru alls staðar ef áhuginn og getan eru fyrir hendi.“



Bryndís vonar að viðurkenningin hvetji ungar konur til dáða og að þær sem vilji gera eitthvað stórkostlegt láti verða af því. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

 **Rúnar Múrari ehf.**
S - 780 - 28 38

Húsaviðgerðir Tröppuviðgerðir
Flotun Lekaviðgerðir Flísalögn
Málningarvinna-Pakmálun o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhússviðhaldi.

Við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
runarmur@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir timar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STADGREIDUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skiptólf 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free, you may download it, copy it and give it away.

Einkamál

**DEIT.IS**
STEFNUMÓTASÍÐA

Finndu félagsskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003

 Hjálparstarf kirkjunnar



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Haðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



Styrkir til verkefna í þágu barna árið 2021

Barnavináfélagið Sumargjöf auglýsir hér með til umsóknar styrki á sviði rannsókna, lista og þróunarverkefna í þágu barna. Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að fylla út umsókn á sérstöku eyðublaði sem vistað er á vef félagsins og senda það síðan í viðhengi á tölvupóstfang Sumargjafar sumargjof@simnet.is að lokinni útfyllingu. Nánari upplýsingar er að finna á vef félagsins sumargjof.is.

Stjórn Sumargjafar áskilur sér rétt til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefni og leita umsagnar fagaðila. **Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2021.**

Reykjavík, 28. janúar 2021.
Barnavináfélagið Sumargjöf

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Finndu rétta starfskraftinn með því að auglýsa í

MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞÆRT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



EYJALIND

Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavininn okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjónustum okkar er mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.


» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

STRÁ



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöðum.

www.stra.is



KRAFTUR



SÝNDU KRAFT Í VERKI Á LIFIDERNUNA.IS

STUÐNINGSFÉLAG FYRIR UNGT FÓLK SEM GREINST
HEFUR MEÐ KRABBAMEIN OG AÐSTANDENDUR

Fresta fyrstu prófrauninni fyrir leikana

ÓLYMPIULEIKAR Ljóst er að fresta þarf alþjóðlegri keppni í listsundi sem átti að fara fram í Tókýó í byrjun mars, en mótið var hugsað sem generalprufa fyrir Ólympíuleikana þar í landi. Stjórnvöld í Japan framlegdu útgöngubann þar í landi vegna útbreiðslu kórónaveirunnar en vonast er til þess að mótið geti farið fram í vor.

Von var á keppendum frá tíu löndum og átti mótið um leið að vera lokaúrtökumót fyrir Ólympíuleikana, en Alþjóðlega sundsambandið og japanska sundsambandið sammæltust um að það yrði nánast ómögulegt að skipuleggja mótið í byrjun mars.

Búið er að útbúa sérstakar 53 blaðsíða leiðbeiningar fyrir þátttakendur á Ólympíuleikumum í von um að hægt sé að forðast útbreiðslu kórónaveirunnar ef veiran verður enn til staðar í Japan síðar á þessu ári. – kpt.



Aleksander Ceferin, forseti UEFA.

Stefna enn að 12 þjóða EM

FÓTBOLTI Evrópska knattspyrnusambandið, UEFA, itrekaði í gær að áætlanir stæðu enn yfir um að Evrópumótið í sumar færi fram í tólf löndum í Evrópu. Mótið hefst þann 11. júní og stendur yfir í einn mánuð.

Í tilefni 60 ára afmælis Evrópumótsins var ákveðið að halda mótið í tólf mismunandi borgum í tólf mismunandi ríkjum. Kallað hefur verið eftir því að mótafyrirkomulaginu verði breytt og það fari fram í lokaðra rými vegna kórónaveirufaraldursins en UEFA sagði í yfirlýsingu í gær að enn væri stefnt að því að mótið fari fram með óbreyttu sniði. Stjórn mótsins hafi fundað með fulltrúum borganna tólf þar sem þetta hafi verið rátt. – kpt

Öðlingur sem fer eigin leiðir

Körfuboltamaðurinn Kyrie Irving var tekinn við að brjóta sóttvarnareglur NBA-deildarinnar í annað sinn í vikunni. Irving fer yfirleitt sínar eigin leiðir, en enginn efast um hæfileikana inni á vellinum.

NBA Kyrie Irving gæti átt yfir höfði sér refsingu frá NBA deildinni í körfubolta fyrir að hafa tekist að gefa Bam Adebayo treyju sína í lok leiks Brooklyn Nets og Miami Heat í vikunni. Þetta var annar leikur liðanna á tveimur dögum, en í fyrri leiknum birtist myndband af því þegar öryggisvörður stöðvaði þá í treyjuskiptum. Strangar reglur NBA-deildarinnar til að hemja útbreiðslu kórónaveirunnar banna leikmönnum þessa iðju. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kyrie fer á svig við kröfur deildarinnar um sóttvarnir, en hann var sektaður um fimmtíu þúsund dollara fyrir að mæta grímulaus í afmælispartí hjá systur sinni fyrir í þessum mánuði og gæti deildin reynt að setja forðami fyrir veturinn með leikbanni eða hárrí fjarsekt.

Það fer ekki á milli mála að Irving er meðal betri bakvarða NBA-deildarinnar og átti stóran hlut í fyrsta meistaratitli Cleveland Cavaliers árið 2016. Þegar hann samdi við Brooklyn Nets með Kevin Durant, var beðið með eftirvæntingu á meðan Durant náði sér af meiðslunum enda áttu þeir tveir að geta myndað kjarna liðs sem gæti gert atlögu að meistaratitli. Meistarakandidatarnir urðu svo að sigurstranglegasta liðinu þegar Nets bætti James Harden við leikmannahópinn og eiga þeir þrjár að gera atlögu að fyrsta meistaratitlinum í sögu félagsins.

Sá gallinn er hins vegar á Kyrie Irving að það getur verið erfitt að lesa í hann, eins og sást bersýnilega fyrr í þessum mánuði þegar hann ákvað skyndilega að gefa ekki kost á sér í tæpar tvær vikur og missti fyrir vikið af sjö leikjum. Í viðtölum baðst Kyrie undan því að útskýra fjarveruna en var fljótur að hrista af sér ryðið og hefur leikið vel í undanförunum leikjum. Þá er frægt þegar hann fór skyndilega að ræða möguleikann á því að jörðin væri flöt eftir að hafa horft á myndir um kenninguna og þegar hann dreifði salvíu yfir parketið á heimavelli Boston Celtics í fyrsta leik sínum á gömlum heimavelli til að hreinsa út neikvæðu orkuna.

Minna heyrir af góðverkum hans utan vallar þar sem Irving virðist vera mikill öðlingur. Irving er duglegur að leggja til peninga og nauðsynjavörur fyrir fjölskylduhjálpar-



Irving, James Harden og Kevin Durant, mynda ógnarsterkt þrjú hjá Brooklyn Nets. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hann er herra skrifaður hjá kollegunum innan deildarinnar en fjölmiðlamönnum, þrátt fyrir að hafa sett niður eitt af stærstu skotum NBA-sögunnar í úrslitunum 2016 þegar Cleveland vann titilinn.

Sigurður Orri Kristjánsson, hlaðvarpsstjóri Boltinn lýgur ekki

veirufaraldursins en sú upphæð taldi 1,5 milljónir dala.

Sigurður Orri Kristjánsson, einn af ritstjórum Karfan.is og hlaðvarpsstjóri Boltinn lýgur ekki, hlaðvarps um innlandan og erlendan körfubolta, tók undir að Kyrie virtist oft vera misskilinn snillingur.

„Kyrie er ótrúlega vinsæll hjá öðrum leikmönnum deildarinnar. Hann er herra skrifaður hjá kollegunum innan deildarinnar en fjölmiðlamönnum, þrátt fyrir að hafa sett niður eitt af stærstu skotum NBA-sögunnar í úrslitunum 2016 þegar Cleveland vann titilinn. Hann getur gert hluti með boltann sem enginn annar kann að gera.“

Sigurður tók undir að það væri sérkennilegt staða fyrir þjálfara að vera með leikmann í slíkum gæðaflokki sem erfitt væri fyrir þjálfarann að lesa.

„Þetta var mjög sérkennilegt atvik, þegar hann hvarf bara í viku, þarf svo að taka út tíma í sóttkví og missir fyrir vikið af átta leikjum. Eins og tímabilið er í NBA skiptir miklu máli að skapa liðsanda í

þessum leikjum,“ segir Sigurður um Kyrie, sem virðist eyða miklum tíma í að skoða samsæriskenningar.

„Það kæmi mér ekkert brjálæðislega á óvart ef hann kaupir ekki þennan heimsfaraldur. Hann er mikið í því að fylgjast með samsæriskenningum og að mörgu leyti einkennilegur maður. Ég hafði mjög gaman af þessu og hef fjallað um þetta í hlaðvarpinu, hann virðist vera mjög andlega þenkjandi og það kæmi manni ekkert á óvart að sjá hann í kakóseremóníum.“

Hann tók undir að á sama tíma væri Kyrie, sem er varaforseti leikmannasamtakanna, mikill öðlingur.

„Hann virðist á sama tíma vera mikill öðlingur og góður maður. Þegar NBA-deildin hófst aftur í búblunni var hann gagnrýnn frá að vera að nýta kórónaveirupróf frá öðrum í þetta. Það getur verið erfitt að lesa þess á milli, stundum virðist hann hálf áhugalaus innan vallar og stundum í stríði við fjölmiðlana en svo er hann frábær þess á milli.“
kristinnpall@frettabladid.is

Komið að örlagastundu í titilvörn Liverpool-manna

FÓTBOLTI Að lestin fari af teininum er ef til vill ekki nægilega sterk lýsing á frammistöðu Liverpool undanfarnar vikur og þegar tímabilið er hálfnað þarf Jürgen Klopp að vera fljótur að finna lausn á vandræðum liðsins fyrir komandi verkefni. Fimm leikir á næstu sextán dögum koma til með að ráða úrslitum um í hvaða baráttu Englandsmeistararnir verða í vor. Seinni hluti tímabils Liverpool hefst í kvöld gegn Tottenham, en fari svo að Liverpool tapi í kvöld gæti liðið verið að berjast um miðja deild innan skamms. Fimm stig skilja að Liverpool og neðri hluta deildarinnar, en fara þarf aftur til haustsins 2016 til að finna verstu stöðu Liverpool-liðsins undir stjórn Jürgens Klopp, þegar Liverpool var í tíunda sæti eftir þrjár umferðir.



Titilvörn Liverpool gengur illa þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Liverpool er ekki búið að skora í síðustu 87 skottíraunum í ensku úrvalsdeildinni.

Rúmur mánuður er liðinn síðan Liverpool og Tottenham mættust síðast þar sem Liverpool vann dramatískan 2-1 sigur á Anfield. Þremur dögum seinna léku lærisveinar Klopp's sinn besta leik á tímabilinu í 7-0 sigri á Crystal Palace en síðan kom babb í báttinn. Í næstu fimm leikjum er uppskeran aðeins þrjú stig af fimmtán og eitt mark skorað á 450 mínútum. Fyrir

vikið er Liverpool skyndilega komið í eltingarleik við Manchester-liðin tvö á toppnum og hin fjögur liðin sem virðast ætla að gera sig gildandi í baráttunni um sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta ári.

Fari svo að Tottenham vinni í kvöld gætu liðin fyrir neðan Liverpool sem eiga leiki til góða sent Liverpool í miðja deild en um leið væri Liverpool þá búið að tapa jafn mörgum stigum í sex leikjum og allt síðasta tímabil, þar sem aðeins fimmtán stig fóru forgörðum og tveimur stigum minna en tímabilið þar áður. Handan hornsins bíða Liverpool leikir gegn spútnikliði West Ham, Leicester og Manchester City sem er í toppbaráttunni og leikur gegn Brighton sem berst fyrir lífi sínu í deild þeirra bestu. – kpt

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

20-70%

AFSLÁTTUR



Cadence FM
Queen size rúm 153cm
20% afsláttur
Útsöluverð **195.360 kr.**
Verð áður 244.200 kr.
Innifalið í verði. Dýna botn og króm fætur

Corinna rúm 160cm
30% afsláttur
Útsöluverð **114.800 kr.**
Verð áður 164.000 kr.
Innifalið í verði. Dýna botn og króm fætur

Poppy stök dýna 160cm
70% afsláttur
Útsöluverð **9.552 kr.**
Verð áður 31.840 kr.
Stök dýna

Mikið úrval. Gerðu frábær kaup

TÍMAMÓT



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát elskulegs föður, afa og langafa okkar,

Guðmundar Valdmarssonar

Stangarholti 9, Reykjavík,

sem lést 16. janúar sl.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki deildar 2E á Sóltúni.

**Rut Guðmundsdóttir,
afabörn og langafabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Kristján Þorlákssonar

frá Veðileysu,

sem andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði

10. janúar. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Bylgjuhrauni á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Gunnar Kristjánsson
Ólafur Bjarnason**

**María Guðmundsdóttir Gíga
Jóhanna Norlund**

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Hilmar Kristinn Adolfsson

bifreiðasmiður frá Patreksfirði,
Boðapingi 5, Kópavogi,

lést á heimili sínu Boðapingi 5 þann

22. janúar. Útförin fer fram þann 1. febrúar

kl. 13.00 frá Lindakirkju. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni: beint.is/streymi/hiddidolla Hjartans þakkir fær starfsfólki hjúkrunarheimilinu Boðapingi fyrir alúð og hlýju.

**Anna Björg Hilmarsdóttir
Berglind Hulda Hilmarsdóttir
Haukur Hilmarsson**

**Páll Skúlason
Kristinn S. Gunnarsson**

barnabörn og barnabarnabörn.



Sigurlína Helgadóttir

Geiteyjarströnd 2, Mývatnssveit,

lést þann 12. janúar síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Reykjahlíðarkirkju laugardaginn 30. janúar kl. 14.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu er

takmörkun á fjölda kirkjugesta. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Fuglasafn Sigurgeirs Stefánssonar í Neslönðum.

**Helgi Aðalsteinn Þorsteinsson
Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir
Karl Sigþór Þorsteinsson**



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

Edda M. Hjaltested

Hraunbrún 51, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði

þ. 17. janúar sl.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 2. febrúar kl. 13. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir. Athöfninni verður streymt. Hlekk á streymi má nálgast á mbl.is/andlat

Sveinn Þráinn Jóhannesson

**Magnús Þór Sveinsson
Arnar Sveinsson**

**Jórunn Guðmundsdóttir
Sveindís Anna**

Jóhannsdóttir

**Guðm. Ingvar Sveinsson
Sunna Sveinsdóttir**

Brynildur Hauksdóttir

og barnabörn.



„Eldmóðurinn var til staðar,“ segir Þórhildur þegar hún minnst starfs síns fyrir börnin. FRÉTTAHLADIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Er lögspekkin í blóð borin

Þórhildur Línal lögfræðingur hefur víða látið muna um sig, ekki síst sem umboðsmaður barna. En opinber störf eru að baki enda segja kirkjubækur hana sjötuga í dag.

Allt verður í lágum gir út af COVID, annars er ég veisluglöd kona,“ segir Þórhildur Línal lögfræðingur, um viðbúnað vegna sjötugsafmælis hennar í dag. „En þetta er afmælisár og þess vegna hægt að gera eitthvað skemmtilegt í hverjum mánuði. Mér finnst dýrmætt að lifa lífinu lifandi og njóta þess með fjölskyldu og vinum.“

Þórhildur heitir svo eftir föðurömmu en kveðst ekki hafa verið sérlega ánægð með nafnið á yngri árum. „Pabbi, Páll Línal, spurði hvort ég hefði heldur viljað heita Bóthildur því Þórhildar-nafnið væri sett saman úr nöfnum ættmenna okkar, Þórðar og Bóthildar. Nei,

þá fannst mér Þórhildur skárri! Línal er úr Húnavatnssýslu, forfaðir minn, Björn Línal Jóhannesson, tók það upp sem ættarnafn, hann var frá Sporði í Línakradal.“ Lögspeki er Þórhildi í blóð borin og eiginmaðurinn, Eiríkur Tómasson, þriðji synir þeirra og tvær tengdætur hafa náð í slíka afleggjara líka.

Fyrst man Þórhildur eftir sér á Bergstaðastræti 69. „Við fluttum svo á Laugarásveg og ég fór í Langholtsskóla.“ Hún minnst fjölskyldustunda á síðkvöldum þar sem allir hlustuðu á spennandi leikrit og skemmtiþætti Svavars Gestis í útvarpinu. „Ég átti plötuspilara sem unglingur og keypti mér bítlaplötur um leið og þær komu. Ég spila þessa tónlist fyrir barnabörnin og þeim finnst hún

flott. En ég ólst líka upp við að hlusta á Kurt Weill, Mario Lanza og óperettur og er óperuáðáandi.“

Þórhildur hefur starfað hjá Borgardómi, í tveimur ráðuneytum, við kennslu í HÍ og sem forstöðumaður Rannsóknastofu sem kennd er við Ármann Snævarr.

Þekktust er hún sem fyrsti umboðsmaður barna hér á landi, frá 1995 til 2005. „Eitt af mínum fyrstu verkum var að fara í grunnskóla um allt land að heyrja raddir umbjóðenda minna, barnanna og hvað á þeim brynni. Það skilaði mörgum ábendingum til embættisins. Baráttan fyrir mannréttindum barna var hafin og ekki aftur snúið.“
gun@frettbladid.is



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, kveðjur og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, systur og ömmu,

Dóru Lydíu Haraldsdóttur

Geitlandi 3, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

**Arinbjörn Árnason
Pálína Árnadóttir
Margrét Árnadóttir
Haraldur Haraldsson
Páll Haraldsson**

**Joanne Árnason
Þórður Mar Sigurðsson**

Aron James og Joshua Ben



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**María Áslog
Guðmundsdóttir**

Hvassaleiti 58 í Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli í Reykjavík þann 22. janúar.

Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 4. febrúar klukkan 15. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu takmarkast fjöldi í kirkjunni við 100 manns og eru ættingjar og nánir vinir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Streymt verður frá athöfninni á slóð sem birtist í vefútgáfum og Facebook-síðum aðstandenda.

**Áslog Haraldsdóttir Stefán Haraldsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdafaður, afa og sonar,

Þórðar Hauks Ásgeirssonar

Árbraut 10, Blönduósi,

sem lést á krabbameinsdeild Landspítalans sunnudaginn 10. janúar.

Þorbjörg Kristín Jónsdóttir

**Ásgeir Hauksson
Þórdís Hauksdóttir
Guðrún E. Hartmannsdóttir
Stefán Haukur Ásgeirsson
Torfi Sveinn Ásgeirsson
Skírnir Eldjárn Gunnarsson**

**Þorbjörg Sveinsdóttir
Gunnar Tryggvi Halldórsson
Alexander Freyr Tamimi
Halldór Smári Gunnarsson
Elísabet Kristín Gunnarsdóttir
Haukur Eldjárn Gunnarsson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Haraldur Guðnason

Hörðalandi 14,

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 17. janúar 2021.

Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, mánudaginn 1. febrúar 2021, klukkan 13. Í ljósi aðstæðna verða eingöngu nánustu ættingjar og vinir viðstaddir útförina. Útförinni verður streymt og nálgast má streymið á slóðinni: facebook.com/groups/1632622050243809

**Ragnhildur Guðrún Pálsdóttir
Páll Haraldsson
Gunnar Haraldsson
Björg Sigurðardóttir
Kristín Ögmundsdóttir
barnabörn og langafabörn.**

Falleg gjöf?

Þú færð allt frá Bitz í Vogue og á Vogue.is

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík ☀️ -4 5 °C ↵	Ísafjörður ☁️ -4 3 °C ↑	Akureyri ☀️ -7 3 °C ↑
Egilsstaðir ☀️ -8 2 °C ↵	Kirkjubæjarkl ☀️ -4 3 °C ↵	Hveravellir ☀️ -13 2 °C ↑

Austlæg eða breytileg átt 3-10 í dag og víða léttskýjað. Frost 1 til 15 stig, kaldast í innsveitum á N- og A-landi.

Föstudagur

Reykjavík ☁️ -2 4 °C ↵	Ísafjörður ☁️ -4 6 °C ↵	Akureyri ☁️ -3 2 °C ↵
Egilsstaðir ☁️ -4 2 °C ↑	Kirkjubæjarkl ☀️ -1 4 °C ↓	Hveravellir ☁️ -6 7 °C ↵

Laugardagur

Reykjavík ☁️ 2 6 °C ↵	Ísafjörður ☁️ -6 8 °C ↵	Akureyri ☁️ -5 1 °C ↑
Egilsstaðir ☁️ -4 1 °C ↵	Kirkjubæjarkl ☁️ 2 4 °C ↵	Hveravellir ☁️ -8 5 °C ↵

LÉTT

	1	7	2		6	
		4		6	7	5
	9		3			
		9				
4	6				3	8
2		4			9	
7	5		1	9	2	8
	3	8			1	
1			8	7		

MIDLUNGS

			5		6	3
	1		8		6	4
8		7		3		
	4	2			7	
1	3				9	2
		8				
			1			5
		1				8
6	9			2	8	3

PUNG

				1	6	
	3	6		8		2
		9				5
					8	
3	1	8			2	9
		7	3			6
4			7	5		1
	9	5		4		
	8					

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 svipur
 5 upphaf
 6 rún
 8 minnisbók
 10 drap
 11 nöldur
 12 vegghamar
 13 fugl
 15 vægir
 17 kíktuð
- LÓDRÉTT**
 1 kíll
 2 einleikur
 3 færa
 4 hjartardýr
 7 stíll
 9 strjált
 12 illmenni
 14 strit
 16 tvíhljóði

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 ásynð, 5 röt, 6 ár, 8 kladdi, 10 vö, 11 rý, 12 berg, 13 spól, 15 útfar, 17 hituð.
 LÓDRÉTT: 1 arkivsi, 2 sóla, 3 ýta, 4 dadyr, 7 rit-berð, 9 dreift, 12 bófi, 14 púl, 16 au.

Skák Gunnar Björnsson

Fabiano Caruana (2823) átti leik gegn Radoslaw Wojtaszek (2705) á Tata Steel-mótinu.

33...Dxe4! (33...g4! er líka gott).
34. gxf4 gxf4+ 35. Dg2 exf3 36. Dxc6+ Hxc6+ 37. Kh1 f2 38. Bh3 Rc4! 39. Hxc4 He1+ 0-1. Taflmennska Caruana vakti mikla athygli en hann gaf biskupaparíð í upphafi tafis og braut margar grundvallarreglur skákfræða sem kenndar hafa verið í áratugi. Nánar á skak.is.

Svartur á leik



www.skak.is: Skákþing Reykjavíkur

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

ÞJÓRNÞAKARI
 Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
 laugardaga 8.00 - 16.00
 sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

6	7	1	4	8	2	5	9	3
3	4	2	6	5	9	8	1	7
5	8	9	7	1	3	2	4	6
7	6	4	8	9	5	3	2	1
2	5	8	1	3	7	4	6	9
9	1	3	2	6	4	7	5	8
1	9	5	3	4	8	6	7	2
8	2	6	5	7	1	9	3	4
4	3	7	9	2	6	1	8	5

6	5	3	8	1	9	4	2	7
7	8	1	4	2	6	5	9	3
9	2	4	7	3	5	8	6	1
8	3	6	5	4	2	1	7	9
2	4	5	9	7	1	6	3	8
1	7	9	3	6	8	2	4	5
3	1	2	6	8	7	9	5	4
4	9	8	2	5	3	7	1	6
5	6	7	1	9	4	3	8	2

7	5	1	6	8	2	4	9	3
8	6	2	4	9	3	5	7	1
9	3	4	7	1	5	6	8	2
1	2	6	8	4	7	3	5	9
3	7	8	9	5	1	2	4	6
4	9	5	2	3	6	8	1	7
5	8	3	1	6	9	7	2	4
2	4	9	3	7	8	1	6	5
6	1	7	5	2	4	9	3	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frade Överli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ENDURNÝJAÐU ✨🍊✨

LJÓMANN

NÝTT



Prófaðu

Q10 ENERGY

MEÐ C- & E-vítamíni





M5 CS er 70 kílóum léttari en M5 Competition og munar um minna.

Öflugasti BMW M5 CS kynntur

BMW hefur kynnt til sögunnar nýjan M5 CS sem er búinn öflugri V8 vél með tveimur forþjöppum. Skilar bíllinn 626 hestöflum sem gerir hann að öflugasta framleiðslubíli BMW frá upphafi. Í grunninn er þetta sama vél og í M5 Competition en hún er með betri kælingu en áður. Tog vélarinnar er 750 newtonmetrar og er bíllinn aðeins 3 sekúndur í hundraði.

» Billinn er búinn koltrefja/keramikbremsum sem eru 23 kílóum léttari.

Bíllinn er fjórhjóladrifinn og búinn átta þrepa sjálfskiptingu en hægt er að velja að senda allt aflið til afturhjóllanna eingöngu, kjósi menn svo. Að sögn talsmanna BMW býður það „þjálfuðum öikumönnum“ upp á sömu upplifun og í fyrri kynslóðum M5. Búið er að lækka fjöðrun bílsins um 7 mm og setja sömu dempara og í M8 Gran Coupe. Til að tryggja gripið eru Pirelli P Zero dekk á 20 tommu felgum.

Billinn er búinn koltrefja/keramikbremsum sem minnka þyngd bílsins um 23 kíló, og sportpústi sem staðalbúnaði. Auk þess er víða notast við koltrefjar eins og í vélarhlíf, vængjum, framsætum og hliðarspegulum.



Næsta kynslóð Lada Niva er væntanleg á markað eftir þrjú ár.

Ný Lada Niva sýnir andlitið í fyrsta sinn

Rússneski bílaframleiðandinn Lada er á leiðinni að sýna okkur fyrsta nýja Niva bílinn í 45 ár. Billinn kemur reyndar ekki á markað fyrr en 2024 en hann er ein af fjórum nýjum Lada-bifreiðum sem frumsýndar verða á næstu fjórum árum. Í samstarfi við Renault mun Ladan nota sama CMF-B undirvagn og Dacia.

» Lada merkið mun koma með fjóra nýja bíla á næstu fjórum árum og er ný Niva einn af þeim.

Gamla Lada Niva braut blað í bílasögunni með því að vera fyrsti fjórhjóladrifsbíllinn með einrýmis-hönnun á yfirbyggingu. Á þessari hönnunarmynd sem Lada lét frá sér má sjá að billinn sækir útlitið að einhverju leyti til gamla bílsins, með kringlóttum aðalljósum og ilöngum stefnuljósum fyrir ofan þau. Lada er einnig á leiðinni með stærri jepling sem mun þá koma á markað árið 2025 eða ári á eftir Niva.

Fær Toyota GT86 Celica-nafnið?

Toyota er með eitthvað varðandi Celica-nafnið í burðarliðnum, en merkið sótti um einkaleyfi fyrir nafninu hjá vörumerkjastofu Bandaríkjanna þann 15. janúar.

Nafnið var skráð undir flokknum bílar og grindahlutir svo að það virðist vera ætlað bilgerð með nýja kynslóð í huga. Celica-nafnið var notað á sjö kynslóðir 2+2 sportbíla allt til ársins 2007 og margir sem eru nú um miðjan aldur muna vel eftir þessari gerð bíla. Það sem er athyglisvert við þessa skráningu er að hún er gerð stuttu áður en næsta



Celica kemur úr latínu og þýðir guðdómlegur, en Celica var framleidd frá 1970 til 2006 og hér má sjá gerðina frá 1984. MYND/SKJÁSKOT

kynslóð Toyota GT86 er frumsýnd seinna á þessu ári.

Það er auðvelt að ímynda sér að nafnið verði notað á þann bil, því um sama byggingarlag er að ræða. Toyota hefur lagt áherslu á sportlegri bíla að undanfögnu með tilskipun forstjóra Toyota, Akio Toyoda í huga, en hún kallast einfaldlega „Fun to Drive.“

Nýr GT86 verður sem áður smíðaður í samstarfi við Subaru og með því að nota Celica-heitið myndi hann aðgreina sig betur frá honum, svona allavega að nafninu til.



Pálmi Viðar Snorrason og Heiðar J. Sveinsson við afhendingu á nýjum Hyundai Kona EV í Kaupþúni á dögunum. MYND AÐSEND

Bílaleiga Akureyrar fær 20 Hyundai Kona EV

Höldur ehf. hefur tekið við tuttu bilum af gerðinni Hyundai Kona EV. Um er að ræða Premium útgáfu þessa 100% rafbíls sem búinn er öryggis- og þægindabúnaði ásamt langdrægari rafhlöðunni, 64 kWst, sem skilar 204 hestöflum og allt að 449 km drægi á rafhlöðunni.

Njáll Gunnlaugsson njall@frettabladid.is



Að sögn Pálma Viðars Snorrasonar, aðstoðarframkvæmdastjóra Bílaleigu Akureyrar, verða bílarnir til taks á stærri starfsstöðvum bílaleigunnar fyrir jafnt innlenda sem

erlenda leigutaka. Einnig verða þeir í boði í langtímaleigu, þar sem leigutíminn eru allt frá 3 að 36 mánuðum.

„Við reukum í dag tæplega 150 rafbíla af ýmsum tegundum, þar á meðal frá Nissan, Renault og BMW frá BL auk annarra rafbílategunda,“ segir Pálmi Viðar. Hann segir nýju Hyundai Kona EV rafbíla hreina viðbót við stækkandi rafbílaflota fyrirtækisins, sem er í samræmi við þá hugarfarsbreytingu landsmanna að velja í auknum mæli umhverfismíla bíla, hvort sem það eru rafbílar, tengiltvinn- eða tvinnbílar. „Við erum mjög ánægð með nýju viðbótina frá Hyundai. Þarna er kominn mjög vel útbúinn og þægilegur bíll í allri umgengni

með allt að 449 kílómetra drægni samkvæmt WLTP. Það eru einmitt svona bílar sem við höfum verið að bíða eftir. Það verður spennandi að sjá hvernig þeir reynast í rekstrinum,“ segir Pálmi.

Eina umhverfivottaða bílaleigan Bílaleiga Akureyrar er með riflega 4.000 bíla í flota sínum og þar af meira en 500 umhverfismíla bíla af ýmsum gerðum. Markmið fyrirtækisins er að auka hlutfall þeirra í flotanum á næstu árum, enda eru umhverfismál á meðal forgangsatriða í rekstrinum.

Árið 2010 hlaut Bílaleiga Akureyrar umhverfivottunina ISO 14001 sem viðhaldið hefur verið æ síðan og er fyrirtækið jafnframt

eina bílaleiga landsins með vottunina.

Heiðar J. Sveinsson, framkvæmdastjóri Hyundai á Íslandi, er ánægður með samninginn við Bílaleigu Akureyrar sem átt hefur áratugalangt, farsælt samstarf við BL um val á bílaleigubílum.

„Hyundai Kona EV hefur komið mjög vel út á mörkuðunum. Hann er hástæður og þægilegur í allri umgengni, tæknilega vel búinn og síðast en ekki síst langdrægur. Ég hlakka til að sjá þessa bílaleigubíla í borgarumferðinni og á þjóðvegum landsins þegar við fáum erlenda ferðamenn á ný til landsins. Ég er þess fullviss að viðskiptavinir Bílaleigu Akureyrar verða ánægðir með Kona EV,“ segir Heiðar.

Kawasaki KLR ferðahjólið endurvakið

Eftir orðróm um slíkt í langan tíma staðfestist á þriðjudag að hið vinsæla Kawasaki KLR650 ferðahjól væri aftur komið á sölulista japanska framleiðandans. Hjólið kemur nú í fyrsta skipti með beinni innspýtingu og endurhannaðri vél, sem á að skila hjólinu meira afli og standast nýjust mengunarreglugerðir.

Hjólið hefur að sjálfsögðu fengið endurhannað útlit, þó að margt frá eldri kynslóð þess sé enn til staðar eins og niðursveigt frambrettið. Komíð er stafrænt mælaborð auk

USB tengingar og upphitaðra handfanga frá verksmíðju. Hjólið hefur stækkað með meira hjólhafi en áður og bensintankurinn er 23 lítrar. Hemlalæsivörn er valkvæð en hún er skylda í Evrópu frá 2017 svo að líklega verður hún í öllum hjólum sem boðin verða þar. Það sem margir munu kunna að meta er að slaglóng fjöðrunin og 21 tommu framdekk eru enn þá til staðar þótt bremsur og gjardir hafi verið uppfærðar. Hvort að meiri þyngd muni hafa áhrif á góða getu þess í torfærum verður þó að koma í ljós.



KLR650 hjólið mun vikta 207 kíló með tankinn fullan af bensini.

Walls 2 Paint

Milliveggir fyrir heimili

Skrúfa, líma og mála.

Engin grunnun.

Ekkert spartl!

Stærð plötu:

600 x 2600 x 12mm

600 x 3000 x 12mm



BYGGINGAVÖRUVERSLUN

P. PORGRÍMSSON & CO

Ármúli 29 108 Rvk 512-3360 korkur.is

Gleymd listakona leidd fram í dagsljósið

Í Listasafninu á Akureyri stendur yfir sýning á verkum Kristínar Katrínar Þórðardóttur Thoroddsen. Sýningarstjórinn vill með sýningunni vekja athygli á framlagi Kristínar til íslenskrar listasögu.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



KTh – Málverk og ljósmyndir er sýning sem nú stendur yfir í Listasafninu á Akureyri. Þar eru sýnd verk Kristínar Katrínar Þórðardóttur Thoroddsen. Sýningarstjóri er Þóra Sigurðardóttir myndlistarmaður. Sýningin stendur til 23. maí.

„Á sýningunni eru tólf olíumálverk eftir Kristínu og fimmtán ljósmyndir hennar,“ segir Þóra. „Kristín er fædd árið 1885 og er meðal fyrstu íslensku kvennanna sem fóru í myndlistarnám. Þær fóru flestar til náms í Kaupmannahöfn en árið 1904 fór Kristín 19 ára gömul til náms í Edinborg.“

Spurt um listamann

Kristín er lítt þekkt en sýningin á Akureyri mun vonandi breyta því nokkuð. Spurð af hverju ákveðið hafi verið að sýna verk Kristínar í listasafninu segir Þóra: „Í Akureyrarkirkju eru tvær Mariúmyndir, olíumálverk eftir Kristínu, sem hún gaf kirkjunni eftir vígslu hennar árið 1940. Þau bera sterk einkenni Art Nouveau-hreyfingarinnar, sem var öflug í Skotlandi um aldamótin 1900. Skoskar myndlistarkonur voru virkar innan hreyfingarinnar, bæði í hönnun og listsköpun. Áhrif Art Nouveau sjást hvar lítið í íslenskrar listasögu.“

Fyrir nokkrum árum fékk hollensk vinkona mín, sem er vel að sér í íslenskrar listasögu, leiðsögn í Akureyrarkirkju. Þessar Mariúmyndir vöktu athygli hennar en þennan dag var enginn viðstaddur sem vissi um höfund þeirra. Hún sendi mér bréf og spurði hvort ég gæti sagt henni það. Ég vissi það vel og hugsaði með mér að það þyrfti að halda því til haga hver hefði málað



Málverk eftir Kristínu á sýningunni. MYND/LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI



Mariúmyndir Kristínar í Akureyrarkirkju.

þessi verk. Ég hafði samband við afkomendur Kristínar og í ljós kom að þeir áttu nokkur verk eftir hana. Ég sá að með þessum tveimur verkum úr kirkjunni og nokkrum í viðbót væri hægt að búa til litla sýningu til að vekja athygli á framlagi hennar til íslenskrar listasögu. Listasafn Akureyrar bauð sal fyrir sýninguna.“

Vel skóluð

Kristín bjó á Akureyri ásamt manni sínum Steingrími Matthíasyni héraðslækni. Þau eignuðust níu börn en þrjú þeirra dóu ung. Hjónin skildu árið 1932. „Kristín var virk í guðspekihreyfingunni og var kosin forseti íslensku guðspekihreyfingarinnar og sem slík ferðaðist hún árið 1932 til Indlands ásamt



Ljósmyndir úr ferð Kristínar til Indlands.

ÉG SÁ AÐ MEÐ ÞESSUM TVEIMUR VERKUM ÚR KIRKJUNNI OG NOKKRUM Í VIÐBÓT VÆRI HÆGT AÐ BÚA TIL LITLA SÝNINGU TIL AÐ VEKJA ATHYGLI Á FRAMLAGI HENNAR TIL ÍSLENSKRAR LISTASÖGU.

ellefu ára dóttur sinni og var þar upp undir ár. Á sýningunni eru ljósmyndir hennar frá þessu ferðalagi. Ég hafði áhuga á að kanna hvort áhrifa frá guðspekinni gætti í verkum hennar en hef ekki enn fundið bein áhrif. Áhrifin frá Art Nouveau eru hins vegar mjög greinileg.“

Þóra segir að ekki sé vitað til að Kristín hafi sýnt verk sín opinberlega. „Heimildir eru stopular og ekki er vitað hversu mikið nám hún fékk að stunda í myndlist en verkin í Akureyrarkirkju bera þess skýrt vitni að hún var vel skóluð og það gera líka nokkur málverkanna á sýningunni.“

Eftir að hafa sinnt börnum og búi tók Kristín upp þráðinn í myndlistinni árið 1932. Hún sótti skóla



Myndlistarkonan Kristín Katrín Þórðardóttir Thoroddsen.

bæði í London og New York og var eftir það meira og minna búsett í Bretlandi og Bandaríkjunum. Hún lést árið 1959.

Í tengslum við sýninguna kemur út vegleg sýningarskrá. Hrafnhildur Schram listfræðingur, Helga Kress bókmennnafræðingur og dr. Sigriður Matthíasdóttir sagnfræðingur skrifa texta og sýningarstjóri ritar inngang.

Yfirnáttúrulegur kontrabassi, dásamleg símfónía

TÓNLIST

Sínfóníuhljómsveit Íslands

★★★★★

Verk eftir Bottesini og Brahms

Eldborg í Hörpu

Fimmtudaginn 21. janúar

Einleikari: Jacek Karwan.

Stjórnandi: Bjarni Frimann Bjarnason.

Búdda er sagður hafa öðlast hugljómun þegar hann sat undir svokölluðu bodhitré. Viðurinn úr því er því talinn heilagur, og hljóðfæri sem er smíðað úr honum hlýtur að vera í beinu sambandi við Almættið. Hljóðfærasmíðurinn Giuseppi Testore, sem var uppi í byrjun 19. aldar, sagðist hafa smíðað kontrabassa úr bodhitrénu, og ekki bara það; strengjahaldarinn á bassanum væri úr krossinum sem Jesús var negldur á!

Bassinn var fyrst í eigu allnokkurra miðlungs bassaleikara, en dagaði svo uppi í bakherbergi í brúduleikhúsi í Milanó, innan um

alls konar rusl. Þar var hann uppgötvaður af ungum og upprennandi bassaleikara, Giovanni Bottesini, sem keypti gripinn.

Þá gerðust einhverjir galdrar. Bottesini öðlaðist svo mikið vald á hljóðfærinu að honum var líkt við mesta fiðluleikara sögunnar, Niccolò Paganini. List þeirra beggja þótti beinlínis yfirnáttúruleg.

Fagurlega mótað

Kontrabassakonsert nr. 2 eftir Bottesini var á efnisskránni á tónleikum Sínfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Kontrabassi í einleikshlutverki er yfirleitt dálítið klunnalegur, efstu tónarnir í honum eru ögn hjáróma, eins og ungur drengur sem er í mútum. Konsertinn eftir Bottesini var þó alls ekki klunnalegur í meðförum einleikarans, Jacek Karwan, en hann er liðsmaður í hljómsveitinni. Ýmiss konar hlaup upp og niður strengina voru fimlega spiluð og tónarnir almennt fagurlega mótaðir.

Sjálf tónlistin var líka haganlega gerð, hljómsveitarröddin rímaði

ágætlega við einleikinn, hún valtaði aldrei yfir hann. Laglinurnar voru sjarmerandi og tónlistin í heild einkenndist af ljúfu flæði sem ánægjulegt var að upplifa.

Töfrandi stef

Hitt verkið á dagskránni var þriðja símfónían eftir Brahms. Hún er einstaklega falleg. Stefin eru töfrandi og uppbyggingin mögnuð. Bjarni Frimann Bjarnason stjórnandi var í essinu sínu; hann sýndi afar næma tilfinningu fyrir tónlistinni. Túlkun hans var full af ákefð og ástríðu, rauði þráðurinn slitnaði aldrei, hvergi var dauður punktur. Hljómsveitin spilaði í senn hreint og af krafti, hver einasti tónn var þrunginn merkingu sem skilaði sér ömenguð til áheyrenda.

Brahms var piparsveinn alla ævi og í símfóníunni er leiðarstef sem samanstendur af tónunum F-As-F. Það er skammstöfun á Frei aber froh, sem þýðir frjáls en hamingjusamur. Í símfóníunni finnur maður fyrir þessari hamingju hins frjálsa piparsveins, en hún er ekki alveg



Bjarni Frimann Bjarnason var í essinu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


þessa heims. Þar er nostalgia og náttúrustemning, stundum hrikalegar skýjamyndir, en á köflum skín sólin í gegn. Þegar það gerist eru áhrifin máttug. Mörg tónskáld myndu gefa útlím til að geta samið viðlíka melódíur og eru í þriðja kaflanum af fjörum. Þarna um

kvöldið fengu þær að njóta sín til fulls í vönduðum leik hljómsveitarinnar.

Hvílík feegurð!

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Flottur einleikur, himnesk tónlist.




Útsalan er hafin!

Allt að sjötíu prósentu
afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN FÖSTUDAG, LAUGARDAG
OG SUNNUDAG, 27. - 31. JANÚAR**

HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK,
ERIK MAGNUSSEN
OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is



Fimmtudagur

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Finndu rétta starfskraftinn með því að auglýsa í

MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

HRINGBRAUT

- 20.00 Mannamál** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 20.30 Suðurnesja-magasín** **Vikurfrétt** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Vikurfréttir ehf.
- 21.00 21 - Fréttabáttur á fimmtudegi** er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Erniss með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
- 21.30 Sir Arnar Gauti** Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitinga-húsameningu, arkitektúr og mörgu, mörgu fleiru.

RÚV SJÓNVARP

- 09.00 Heimaleikfimi**
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Taka tvö Ágúst Guðmundsson.
10.25 Lífsins lystisemdir
11.00 Upplýsingafundur Almanna Bein útsending frá upplýsingafundi Almanna.
11.30 Grænir fingur 1989-1990
11.45 Mamma mín
12.00 Heimaleikfimi
12.10 Lífsins lystisemdir
12.40 Krökur
14.55 Séra Brown
15.40 Fyrir alla muni Petsamó-jakkinn.
16.10 Tímaflakkarinn - Doktor Who
17.00 Velkominn Þorri
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin
18.25 Lars uppvakningur
18.39 Stundin rokkar Meira rokk!
18.49 Jógastund Froskur og hundur.
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Baðstofan Heimildarmynd um textillistakonuna Tinnu Þorudóttur Þorvaldar og leit hennar að rótum þeirra hannyrða sem við þekkjum í dag. Með aðstoð sérfræðinga uppgötvar hún að nútímalist er sköpuð með sömu tækni og aldagamlar hannyrðir.
21.05 Ljósmodirin - Call The Midwife
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Glæpahneigð - Criminal Minds
23.00 Sæluriki - Lykkeland
23.45 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

- 10.30 PGA Highlights 2021**
11.30 European Tour 2021 Útsending frá Omega Dubai Desert Classic.
13.30 PGA Tour 2020 Útsending frá Farmers Insurance Open.
19.00 PGA Special. Memorial Week of Show
19.20 PGA Tour. The Cut 2021
20.00 PGA Tour 2021 Bein útsending frá Farmers Insurance Open.

SJÓNVARP SÍMANS

- 12.30 Dr. Phil**
13.15 The Late Late Show
14.00 Man with a Plan
14.25 The Block
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Kids Are Alright
19.30 Single Parents
20.00 Vinátta
20.30 Þung skref - saga Heru Bjarkar
21.15 Devils
22.05 Fargo Ein allra besta sjónvarpsþáttaröð síðari ára. Fargo-þættirnir eru í anda samnefndrar kvikmyndar frá 1996 sem Coen-bræður leikstýrðu.
22.55 The Twilight Zone
23.35 The Late Late Show
01.05 The Resident
02.00 Des
02.50 Your Honor
03.50 Cold Courage
04.40 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
10.45 Morgunleikfimi
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegðið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegðið, seinni hluti
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið Slökkviliðið mætir Kalimbunni.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Mannlegi þátturinn
20.00 Sinfóniútonleikar
21.00 Segðu mér
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.55 Golden Exits**
13.25 Austin Powers in Gold-member
14.55 Buzz
16.25 Golden Exits
17.55 Austin Powers in Gold-member
19.30 Buzz
21.00 Godzilla Árið 1999 var Janjira kjarnorkuverinu í Japan eytt með dularfullum hætti og fjöldi starfsmanna lét lífið. Mörgum árum síðar er Joe Brody enn að leita eftir orsökum eyðileggingarinnar, en konan hans dó í slysinu.
23.00 Godzilla. King of the Monsters
01.05 Don't Go
02.35 Godzilla

STÖÐ 2

- 08.00 Heimsókn**
08.15 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Divorce
10.40 All Rise
11.20 Matarbíll Evu
11.40 Fresh off the Boat
12.00 Dýraspítalinn
12.35 Nágrannar
12.55 Gossip Girl
13.35 Jamie Cooks Italy
14.25 Years and Years
15.25 The Dog House
16.15 Friends
16.40 You're the Worst
17.05 You're the Worst
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Temptation Island Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem ástin er í aðalhlutverki.
19.50 Hell's Kitchen USA
20.35 The Blacklist
21.25 NCIS
22.10 NCIS. New Orleans
22.55 Real Time with Bill Maher Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bill Maher þar sem hann fer yfir málefni liðandi stundar með ólíkum gestum.
23.50 Two Weeks to Live
00.20 Briarpatch
01.00 Shameless
01.55 Ad Astra
03.55 Divorce
04.25 All Rise
05.10 The Dog house

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00 Barnaefni**
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Stelpurnar
21.10 Brother vs. Brother
21.55 Steypustöðin
22.30 Nashville
23.15 Roswell, New Mexico
23.35 Friends
00.00 Friends
00.20 Stelpurnar

STÖÐ 2 SPORT

- 06.15 Seinni bylgjan - karla**
07.35 Stjarnan - FH Útsending frá leik í OLís deild karla.
09.00 Þór Þ. - ÍR Útsending frá leik í Dominos deild karla.
10.40 Keflavík - Grindavík
12.20 Dominos körfuboltakvöld
13.35 Snæfell - Fjölnir Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
15.15 Valur - Breiðablik
17.00 Dominos körfuboltakvöld - kvenna
18.05 Njarðvík - Grindavík Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
20.10 KR - Þór Þ. Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
22.10 Dominos tilprifin 6. umferð
22.55 Grötta - ÍR Útsending frá leik í OLís deild karla.
00.15 KA - Afturelding

STÖÐ 2 SPORT 2

- 09.00 RetabET Bilbao Basket - Casademont Zaragoza**
10.35 Juventus - Bologna
12.15 Osasuna - Granada
13.55 Genoa - Cagliari
15.35 Hellas Verona - Napoli
17.15 Elche - Barcelona
18.55 NFL Gameday Hápunkturinn í NFL deildinni.
19.20 Lazio - Sassuolo
21.00 Utah Jazz - Golden State Warriors

SIR ARNAR GAUTI

LÍFSSTÍLSÞÁTTUR



NÝ ÞÁTTARÖÐ
HEFST Í KVÖLD
KL. 21.30!

SIR ARNAR GAUTI

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti er mættur aftur með glænýja þáttaröð. Hann heldur áfram að heimsækja falleg og vel hönnuð íslensk heimili og sýnir áhorfendum magnaðar fyrir og eftir breytingar. Hann kynnir sér íslenska veitingahúsameningu, kynnist áhugaverðum persónum og fræðist um ýmis lífsstílstengd málefni.

Sir Arnar Gauti er á dagskrá Hringbrautar alla fimmtudaga kl. 21.30.



HRINGBRAUT



Keanu Reeves er skemmtilegur í hlutverki Johnny Silverhand, sem er aðalpersónan á eftir V, sem leikmaðurinn stjórnar. MYNDIR/SKJÁSKOT

Meingallað meistaraverk

TÖLVULEIKIR

Cyberpunk 2077

★★★★★

Framleiðandi: CD Projekt RED
Fyrir: PlayStation, Xbox og PC-tölvur

Leikurinn Cyberpunk 2077 frá framleiðandanum CD Projekt RED kom út fyrir PlayStation, Xbox og PC-tölvur þann 10. desember síðastliðinn. Margir höfðu beðið eftir honum með mikilli eftirvæntingu, en útgáfan fór illa. Leikurinn reyndist mjög gallaður og virkaði svo illa á venjulegum PlayStation 4 vélum að hann var tekinn úr sölu í stafrænni verslun PlayStation. Enn er samt von á uppfærslum fyrir leikinn sem gætu bætt virkni hans og breytt þessu og í síðustu viku kom viðgerð sem bætti margt, þó að hún hafi líka skapað ný vandamál.

Ég spilaði leikinn á PlayStation 4 Pro, sem er öflugri en venjuleg PlayStation 4 vél, þannig að hann virkaði betur hjá mér en á venjulegri PlayStation 4, en verr en á PlayStation 5. Hann virkar svo mun betur á PC-tölvum, enda var hann upphaflega hannaður fyrir þær.

Óheidarleg viðskipti

Eftir um 60 tíma spilun er ég búinn að klára leikinn og meirihlutann af stóru aukaverkefnum, ásamt miklum fjölda aflitlum verkefnum. Leikurinn er vissulega meingallaður, en mín reynsla var að næstum allir gallarnir séu útlitsgallar og smáatriði sem skemma ekki fyrir framvindu leiksins. Leikurinn hefur samt átt það til að drepa á sér, sem er leiðinlegt, en hann vistar mjög oft og er fljótur aftur í gang.

Það er ekki óalgengt að stórir leikir feli í sér alls kyns galla, en framleiðendur Cyberpunk leyfðu gagnrýnendum bara að spila hann á PC-vélum og enginn mátti sýna hvernig hann virkaði fyrir útgáfu. Það ber vott um óheidarleika í viðskiptum sem hefur stuðað margra. Vonandi tekst CD Projekt RED að finna spilað leikinn svo hann fái að njóta sín eins og hann á skilið.

Alltaf nóg að gera

Cyberpunk 2077 gerist í dystópískum hliðarveruleika árið 2077 og söguviðið er borgin Night City á vesturströnd Bandaríkjanna. Við spilum sem málaliðið V og brunum um borgina á ýmsum ökutækjum

um til að leysa fjölbreytt verkefni sem skiptast í aðalverkefni, aukaverkefni og alls kyns smærri verkefni. Leikmaðurinn hefur mikið val um hvernig hann sérhæfir sig, leysir verkefni og sagan þróast, eins og sönnum hlutverkaleik sémir.

Ég mæli með því að klára byrjunina þar til titilskjári kemur upp, áður en fólk hefst handa við að ráfa um borgina. Það er góð leið til að læra á leikinn og í raun er byrjunin ein löng kynning á öllu sem leikurinn felur í sér og margt er nýtt. Svo opnast öll borgin og ævintýrið hefst af alvöru og leikmaðurinn fer að kynna fólk sem hægt er að byggja upp nán sambönd við, en þau geta haft mikil áhrif á framvindu sögunnar.

Sagan er skemmtileg, frumleg og spennandi og manni var ekki sama um persónurnar, sem fékk mig til að vilja halda áfram með aðalsöguna hraðar en borgar sig, því það er best að klára hliðarverkefni á undan aðalverkefnum.

Leikmaðurinn er sífellt að fá ný verkefni og eftir því sem hann kemst lengra opnast fyrir fullt af nýjum, minni verkefnum og þau verða bæði arðbærari og fjölbreyttari.

Cyberpunk er einstakur en minnir um leið á ýmsa aðra leiki. Hann byggir greinilega á grunni leikja eins og Fallout, Deus Ex, Watch Dogs, The Witcher 3 og Far Cry, en blandar ólíkum hlutum þessara leikja saman á frumlegan hátt, bætir ýmsu nýju við og hristir þetta saman í eitthvað sem er kunnuglegt en um leið alveg nýtt.

Gullfalleg borg

Cyberpunk er gullfallegur og Night City er margbrotið og þaulvandað meistaraverk sem er virkilega gaman að heimsækja. Það vantar stundum svolítið upp á mannfjöldann og umferðina og gervigreind almennra borgara er ansi takmörkuð, en samt sem áður virkar borgin mjög lifandi, fyrst og fremst þökk sé frábærri hljóðhönnun. Hvarvetna heyrir maður auglýsingar, tilkynningar, fréttir, tónlist og samræður sem láta allt lifna við. Falleg neónlýsingin og alls kyns umhverfisbrellur gera líka gríðarlega mikið til að lifga hana við.

Teikningar af fólki, andlitum og hreyfingum þess eru mjög góðar og fullar af smáatriðum. Fólk er fjölbreytt, hefur sterkan karakter og hægt er að lesa tilfinningar úr andlitum þess. Leikararnir standa



Leikurinn Cyberpunk 2077 kom út fyrir PlayStation, Xbox og PC-tölvur í desember og hefur vakið mikla athygli.



Cyberpunk er gullfallegur og Night City er margbrotið og þaulvandað meistaraverk sem er virkilega gaman að heimsækja.



Hér er minn V að spóka sig í sólinni og aldrei þessu vant er hann ekki klæddur eins og alger trúður, en tiskan í Cyberpunk er mjög sérstök.

sig líka mjög vel og Keanu Reeves er skemmtilegur í stóru hlutverki sem Johnny Silverhand.

En eftir að hafa séð hvernig leikurinn litur út á öflugri PC-vél er augljóst að Cyberpunk er næstu kynslóðar leikur, sem haltrar þegar hann er keyrður á gömlum leikjatölvum.

Magnaður hljóðheimur

Hönnun hljóðsins er frábær. Hver einasta byssa hefur einstakan hljóð, talsetningin er góð og það er magnað að heyra borgina tifa. Tónlistin er líka virkilega góð. Hún hefur aðstæðum vel og gerir alla bardaga meira spennandi. Þegar maður keyrir um borgina er svo hægt að hlusta á nokkrar ólíkar útvarpsstöðvar með mörgum fráberum lögum eftir vinsæla tónlistarmenn. Ég var sérstaklega ánægður með að það er heil útvarpsstöð helguð öfgaþungarokki, Ritual FM.



Í Cyberpunk sér maður margt nýtt, eins og skruðgöngu með heilmýndum.

En það kemur fyrir að hljóðið virkar ekki sem skyldi og það koma stundum skritnar þagnir. Persónur tala líka stundum hver yfir aðra eða byrja að segja eitthvað og hætta svo í miðri setningu. Þarna eru aftur margir litlir gallar.

Get ekki hætt að spila

Það er hægt að klára aðalsöguna í Cyberpunk á svona 20 tímum, en það er betra að eyða miklum tíma í aukaverkefni fyrir alla félagi V til að upplifa alla söguna og fá öðruvísi endi. Þar að auki eru ótal smærri verkefni, svo það er auðveldlega hægt að fá 60-80 tíma út úr einni ferð í gegnum hann, jafnvel meira. Þar að auki býður hann upp á þrjá valkosti um úr hvaða þjóðfélagshöpi V kemur, sem mótar upplifunina á ólíkan hátt. Þannig að það er hægt að spila hann í gegn þrisvar og fá ólíka útkomu í hvert skipti.

Þó að ég sé búinn með söguna og leikurinn hafi ýmsa galla get ég ekki hætt að spila Cyberpunk. Borgin hefur svo mikið aðdráttarafl, bardagarnir eru svo skemmtilegir og það er svo gaman að safna dóti og farartækjum og prófa ólík vopn og tölvubúnað fyrir líkamann sinn. Verkefni eru líka svo ólík að manni leiðist aldrei.

Niðurstaðan

Cyberpunk 2077 er að mörgu leyti magnaður og vandaður leikur. Það er stórskemmtilegt að tynast í Night City og upplifa allt það sem borgin hefur upp á að bjóða, verkefni eru sérlega fjölbreytt, það er hægt að nálgast þau á ólíkan hátt og sagan er góð. En hann er líka augljóslega gallaður og ókláraður. Metnaðurinn bar leikinn ofurlíði. Hann átti aldrei að koma út fyrir gömlu leikjatölvurnar, heldur er þetta næstu kynslóðar leikur sem þarf næstu kynslóðar vélbúnað til að njóta sín.

Ég mæli eindregið með því að spila Cyberpunk 2077. Mér finnst hann vera meistaraverk og ég myndi gefa honum hærri einkunn ef hann hefði ekki verið svona gallaður og vildi óska að hann hefði fengið meiri tíma en ekki verið gefinn út ókláraður. En ég mæli með því að ganga úr skugga um að tölvan þin sé nóg öflug fyrir hann (a.m.k. PS4 Pro eða betra) eða biða þar til uppfærslur hafa gert hann léttari í keyrslu á eldri leikjatölvum.

Oddur Freyr Þorsteinsson

NIÐURSTAÐA: Cyberpunk 2077 er að mörgu leyti magnaður og vandaður leikur, en hann er líka augljóslega gallaður og ókláraður.



MARGARITA



HAWAIIAN
skinka og ananas

3 STÓRAR GJÖRSAMLEGA

ÚTÍHÚT

Minna álegg, miklu lægra verð!
Þú sækir stóra Margarita-, Pepperoni-
eða Hawaiian-pönnupizzu

1.699 KR 

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



PEPPERONI

ÞITT BESTA ÁR HEFST MEÐ RÚMI FRÁ HÄSTENS



Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

Hästens 
since 1852

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®
HASTENS.COM

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

**Betra
BAK**

DV

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á DV.IS

VEFÁSKRIFT AÐEINS 1.590 KR.*

VEF- OG PRENTÁSKRIFT AÐEINS 2.990 KR.*



512 7000

WWW.DV.IS/ASKRIFT

ASKRIFT@DV.IS

* verð miðast við mánaðaraskrift, engin binding.



Ólafur og Jakub kynna sig til leiks í upphafi sýningarinnar þar sem þeir eru einhvers konar sjálfir á forsendum verksins og „svo verður þetta alltaf skritnara og skritnara eftir því sem á liður,“ segir Ólafur. MYND/MARTIN MATUSIAK

Hversu slæm getur góð hugmynd verið?

Co za poroniony pomysł! fjallar um slæma hugmynd sem íslenskur leikari, pólskur kokkur og spunaleikkona frá Varsjá láta reyna á í tilraun til þess að bjóða Pólverja velkomna í leikhús á Íslandi.

Við vissum í rauninni ekki hvernig sýningin myndi líta út að lokum, en hugmyndin var að búa til einhvers konar skemmtilegt sjónarspil fyrir Pólverja,“ segir Ólafur Ásgeirsson, sem fer fyrir leikfélaginu PóliS sem hann myndaði utan um hugmynd sína um að setja á svið leikrit sérstaklega fyrir þann stóra hóp Pólverja sem er búsettur á Íslandi.

Ólafur, sem er tíður gestur í Bíó Paradís, fékk hugmyndina að verkinu þegar hann sá hversu mikilla vinsælda pólsku kvikmyndasýningarnar njóta þar. „Mér datt í hug að Pólverjar væru allveg eins líklegir til þess að mæta í leikhús ef gerð væri einhvers konar sýning fyrir þá,“ segir Ólafur sem byrjaði á að bera hugmyndina undir pólska vini sína, Jakub Ziemann og Aleksandra Skołożyńska.

Góðar ranghugmyndir

„Ég þekkti þau þá bara litillega og byrjaði á því að spyrja þau bara almennt út í það hvernig það væri að vera Pólverji á Íslandi og hvernig þeim litist á þessa hugmynd,“ segir Ólafur um Kuba og Ola, eins og þau eru kölluð.

Þeim leist vel á og þótti hugmyndin góð, þannig að hún endaði hjá þeim þremur sem sviðsverkið Co za poroniony pomysł! eða Úff, hvað þetta er slæm hugmynd!

„Jakub er kokkur og menntaður lífeindaverkfræðingur og Ola er spunaleikkona sem er búin að vinna sem þjónn á Snaps í nokkur ár,“ segir Ólafur, sem kynnti hinum tveimur hugmyndina á slíku frumstigi að þau áttuðu sig ekki alveg á því út í hvað þau voru að fara.

„Þegar á hölminn var komið reyndust þau bæði með ranghugmyndir um hvað þetta er. Jakub vissi ekki að hann væri að fara að leika í þessu og Ola hélt að við værum að fara að gera spuna-



Aleksandra á sviði sem einhvers konar hún. MYND/MARTIN MATUSIAK

sýningu vegna þess að við þekkjumst þaðan.“

Góð hugmynd verður slæm

Þríeykið leikur einhvers konar útgáfu af sjálfu sér í verkinu, þar sem Kuba er kokkur á veitingastað en dreymir um að verða sjónvarpskokkur. Ola er spunaleikkona frá Varsjá sem þráir að finna ástina á Íslandi. Óli er síðan íslenskur leikari sem er að læra pólsku í smáforritinu Duolingo og fær hugmynd að því að reyna að búa til leiksýningu á pólsku þegar hann sér hversu pólskar myndir eru vinsælar í bíó.

„Að tengjast okunnu landi, tengjast okkar á milli, tengjast á netinu eða tengjast í gegnum góðan mat. Úff, hvað þetta er slæm hugmynd!“, segir Ólafur um hugmyndina, sem reyndist ekki verri en svo að komið er að frumsýningu í Tjarnarbiói á föstudagskvöld.

Hliðarsjálfi á sviði

„Þetta er í rauninni eins og að setja hliðarsjálfi á svið, þar sem við stíg-

JAKUB VISSI EKKI AÐ HANN VÆRI AÐ FARA AÐ LEIKA Í ÞESSU OG OLA HÉLT AÐ VIÐ VÆRUM AÐ FARA AÐ GERA SPUNASÝNINGU.

um fram sem við sjálf og erum ekki að leika eiginlegar persónur, þannig að þetta er meira sviðsverk heldur en leikrit.

Við erum svolítið að leika okkur með tilraunir til að setja sig inn í menningarheim annarra þjóða og hvernig við getum átt þetta samtál. Hvernig getum við verið saman og notið þess að búa á sama landinu.“

Ólafur bætir við að gaman sé að segja frá því að verkið hafi orðið til þess að hann dreifir því í mars að læra pólsku í Duolingo-smáforritinu. „Ég leik mest á pólsku og skil Pólverja mjög vel.“

Við erum að búa til sviðsverk sem býður Pólverjana velkomna í leikhúsið. En á sama tíma erum við ekki að útiloka neinn,“ segir Ólafur og vísar til þess að sýningin er textuð á ensku.

Spennufall

Salvör Gullbrá leikstýrir þremmingunum í sýningunni sem til stóð að frumsýna í október þegar veirufaraldurinn lamaði leikhúslíf í landinu. Nú verður hins vegar slagur látinn standa, þó aðeins rétt rúmlega 50 manns komist á hverja sýningu vegna sóttvarnareglna.

„Það er bara eins og það er,“ segir Ólafur. „Og ekkert við því að gera annað en njóta þess bara að vera loksins að klára að sýna þessa sýningu. Það er mjög mikil spenna í hópnum.“ toti@frettabladid.is

AUGLÝSINGAELDÍR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason gustaf@torg.is. ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is. FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is. FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is. RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is. TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

BYKO

**Þú sérð
öll tilboðin
á byko.is**

**Ekki
missa af
þessu!**

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

ÚTSALA

Lýkur um helgina!

- **25-50% Handverkfæri** (valdar vörur) • **20-30% Rafmagnsverkfæri** (valdar vörur)
- **20-30% Háprýstidælar** • **25-50% Vinnufatnaður, regnfatnaður, kuldafatnaður, stígvél og skór**
- **40% Jólavörur** • **40% Matar- og kaffistell** • **40% Ferðavörur** • **40% Leikföng, spil, púsl og snjóþotur**
- **25% Verkfæratöskur og skápar** • **25% Skil rafmagnsverkfæri** • **25% Járnhillur**
- **25% Pottar og pönnur** • **25% Kerti og luktir** • **25% Kósívara** • **25% Búvara** • **25% Hestavörur**
- **25% Barnabílstólar** • **25% Harðparket** • **25% Flísar** • **20% Heimiliströppur** • **20% Eldhústæki**
- **20% Handlaugartæki** • **20% Loftpressur** • **20% Inniljós** (ekki Philips Hue) • **20% Vinnuljós**
- **20% Innimálning** • **20% Iðnaðarryksugur** • **20% Steypuhrærivélar**

...og fjöldi stakra vara á frábæru verði

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Verslaðu á netinu á byko.is





BAKÞANKAR

Thomasar Möller



30.573

Nú keppast fjölmiðlar við að gera upp forsetatið Trumps. Miðillinn Fact Checker sem hefur fylgst með honum allt kjörtímabilið hefur fundið út að 30.573 sinnum sagði hann ósatt eða var með villandi fullyrðingar, sem þýðir að hann hafi farið með rangt mál 21 sinni á dag í þann 1.461 dag sem hann var forseti. Og það á aðeins við um það sem hann sagði opinberlega.

Þetta er góð áminning fyrir leiðtoga í stjórnámum, stofnunum og fyrirtækjum, að það verður æ erfiðara að fara með rangt mál. Réttmæti fullyrðinga má kanna á Google og fjölmargir miðlar sérhæfa sig í sannreyningu eins og fyrrnefndur Fact Checker.

Að mínu mati er það einn mikilvægasti eiginleiki stjórnmálamanna og stjórnmenda að segja satt og rétt frá málum. Ýkjur eða ósannindi komast upp um síðir. Það kemur þeim fyrr eða síðar í koll ef þeir verða uppvisir að því að segja ósatt. Það sannaðist til dæmis í hruninu, þegar almenníngi var sagt að bankarnir væru fjárhagslega sterkir fram á síðasta dag.

Þegar ég var að skrifa þessa bakþanka las ég tvö viðtöl við utanríkisráðherra okkar, sem fullyrta að „vöruverð í landinu muni hækka tilfinnanlega við hugsanlega inngöngu Íslands í ESB“.

Með einföldu gúgli fann ég ábendingu Hagstofunnar um að verðlag á Íslandi er nú þegar það hæsta í Evrópu eða um 20-66% hærra en að meðaltali í Evrópu. Mér finnst að ráðherrann þurfi að færa rök fyrir sínu máli, en það er ákveðin mótsögn falin í því að fullyrða að verðlag hér á landi muni hækka við það að ganga í samband þjóða þar sem verðlagið er þegar mun lægra fyrir.

Stjórnmálamenn!... hættið að plata okkur, það er svo auðvelt að afsanna rangar fullyrðingar.



Bragðgott millimál

SAMSUNG

Nýjasta stjarnan frá Samsung!

Forsalan klárast í dag á nova.is!

Hafðu hraða fingur og nældu í Samsung Galaxy S21, S21+ og Ultra. Glæsilegir kaupaukar fylgja með, aðeins í forsölu!



Samsung Galaxy S21 128GB

149.990 kr.

Samsung Galaxy Buds Live og SmartTag fylgja í forsölu



Samsung Galaxy S21+ 128GB

185.990 kr.

Samsung Galaxy Buds Live og SmartTag fylgja í forsölu



Samsung Galaxy S21 Ultra 128GB

219.990 kr.

Samsung Galaxy Buds Pro og SmartTag fylgja í forsölu

